

Fornleifaskráning vegna Borgalínu – Lotu 1 Ártúnshöfði – Fossvogur

Anna Lísa Guðmundsdóttir
Margrét Björk Magnúsdóttir



Reykjavík 2024


Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 230



Borgarsögusafn
Reykjavíkur

Fornleifaskráning vegna Borgalínu – Lotu 1 Ártúnshöfði – Fossvogur

Anna Lísa Guðmundsdóttir
Margrét Björk Magnúsdóttir



Reykjavík 2024

Borgarsögusafn Reykjavíkur
Skýrsla nr. 230



Borgarsögusafn
Reykjavíkur

Unnið að beiðni Verkefnastofu Borgarlínu.

Skýrslur Borgarsögusafns Reykjavíkur.

Ábyrgðarmaður: María Karen Sigurðardóttir, deildarstjóri minjavörslu og rannsókna, Borgarsögusafni Reykjavíkur.

© Borgarsögusafn Reykjavíkur

Anna Lísa Guðmundsdóttir

Magrét Björk Magnúsdóttir

Mynd á forsíðu:

Strætisvagn frá SVR á Fríkirkjuvegi árið 1931. Í baksýn eru hús við Tjarnagötu og Vonastræti Ljósmyndasafn Reykjavíkur. MAÓ 66. Ljósmyndari Magnús Ólafsson.

Borgarsögusafn Reykjavíkur

Skýrsla nr. 230

Reykjavík 2024

Öll réttindi áskilin.

Efnisyfirlit

Formáli	3
1. Inngangur	4
2. Almennt um verndun menningarminja.....	7
3. Tilgangur og aðferðafræði við skráningu fornleifa, mannvirkja og yngri minja.....	8
4. Í landi Ártúns, Klepps, Laugarness, Rauðarár, Arnarhóls, Reykjavíkur og Skildinganess	10
4.1 Ártúnshöfði – Elliðaárvogur (110).....	11
4.1.1 Staðhættir, minjar og örnefni.....	11
4.2 Geirsnef – Vogabyggð (120).....	13
4.2.1 Staðhættir, minjar og örnefni.....	13
4.3 Suðurlandsbraut – Laugavegur – Katrínartún (130).....	18
4.3.1 Staðhættir, minjar og örnefni.....	18
4.4 Laugavegur – Miðborg (140)	23
4.4.1 Laugavegur og Hverfisgata að Snorrabraut.....	23
4.4.2 Hverfisgata	27
4.4.3 Lækjargata	36
4.4.4 Fríkirkjuvegur – Skothúsvegur.....	50
4.4.5 Suðurgata – Vonarstræti (140)	55
4.5 Háskóli Íslands – BSÍ (150)	62
4.5.1 Staðhættir, minjar og örnefni.....	62
4.6 Vatnsmýri – Fossvogur (160).....	66
4.6.1 Staðhættir, minjar og örnefni.....	66
5. Niðurstöður, hættumat og mótvægisadgerðir	74
Niðurlag.....	75
Heimildaskrá	76
Viðauki I.....	81
Hættumat: Ártúnshöfði (110)	81
Hættumat: Geirsnef – Vogabyggð (120)	81
Hættumat: Suðurlandsbraut – Laugavegur – Katrínartún (130).....	81
Hættumat: Laugavegur – Hverfisgata, Miðborg (140).....	82
Hættumat: Hverfisgata(140).....	82
Hættumat: Lækjargata(140)	85
Hættumat: Fríkirkjuvegur – Skothúsvegur (140)	86
Hættumat: Suðurgata – Vonarstræti(140)	87
Hættumat: Háskóli Íslands – BSÍ (150).....	88

Hættumat: Vatnsmýri – Fossvogur (160).....	88
Viðauki 2	90
Minjakort Borgalínu – Lotu 1	90

Formáli

Hér á eftir fer rannsókn og skrá yfir fornleifar og yngri minjar á framkvæmdasvæði Borgarlínu. Leiðin liggur að mestu eftir áður lögðum götum frá Stórhöfða að Sævarhöfða, annars vegar yfir Geirsnef að Sæbraut og hins vegar eftir Sævarhöfða um Breiðhöfða að Sæbraut, þaðan eftir Suðurlandsbraut að Laugavegi, frá Laugavegi um Hverfisgötu og Lækjargötu. Eftir Fríkirkjuvegi og Skothúsvegi annars vegar og Vonarstræti og Suðurgötu að Skothúsvegi hins vegar. Um Melatorg, Suðurgötu, Sturlugötu og Njarðargötu að Hringbraut. Svæði sem afmarkast af Njarðargötu, Sóleyjargötu, Vatnsmýrarvegi og Hringbraut. Frá Vatnsmýrarvegi eftir lóð Landspítalans og Burknagötu að Snorrabraut. Um mislæg gatnamót Bústaðavegar, Miklubrautar og Hringbrautar um Arnarhlíð og Nauthólsveg að Nauthólstorgi. Eftir Menntavegi aftur að Nauthólsvegi að Fossvogsbrú, sjá mynd 1.¹ Fornleifa-skráningin er unnin að beiðni *Verkefnastofu Borgarlínu*.

Ákvæði um skráningu menningarminja er að finna í **lögum um menningarminjar nr.**

80/2012 sem tóku gildi 1. janúar 2013. Fjallað er um skráningu vegna skipulags í 16. gr. þar sem segir að skráning fornleifa, húsa og mannvirkja skuli fara fram áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi og að skráning skuli „ætíð fara fram á vettvangi“ áður en deiliskipulag er afgreitt.² Samkvæmt lögnum eru allar fornleifar, hús og mannvirki sem eru 100 ára og eldri, friðaðar og hafa 15 m helgunarsvæði frá ystu mörkum minjastaðarins.³ Í lögum um mat á umhverfisáhrifum (106/2000) eru verndarsvæði minja skilgreind 100 m frá fornleifum.⁴

Fornleifaskráning felur í sér skráningu fornleifa eftir heimildum og yfirborðskönnun en minjar geta einnig leynst undir yfirborði. Þegar fornleifaskráning er unnin fyrir hefðbundið deiliskipulag og/eða mat á umhverfisáhrifum eru gerðar auknar kröfur „um uppmælingu minja og ítarlegri leit að fornleifum á framkvæmdasvæðum“.⁵

Borgarsögusafn Reykjavíkur, áður Minjasafn Reykjavíkur, hefur um árabil gert fornleifaskráningar sem er „*[fjorsenda þess að geta verndað fornleifar og koma í veg fyrir að framkvæmdaraðilar brjóti óafvitandi lög með því að skemma fornleifar*“.⁶

Október 2024,
María Karen Sigurðardóttir,
deildarstjóri minjavörslu og rannsókna,
Borgarsögusafni Reykjavíkur

¹ *Borgarlínan Ártúnshöfði – Hamraborg – Tillaga að matsáetlun, júlí 2020.*

² Lög um menningarminjar – nr. 80 – 29. júní 2012. Tóku gildi 1. janúar 2013.

³ Lög um menningarminjar – nr. 80 – 29. júní 2012, 1. kafli, 3. gr. og 6. kafli, 22. gr.

⁴ Lög um mat á umhverfisáhrifum – nr. 106 – 25. maí 2000. 2.viðauki, iii verndarsvæði, (c) svæða innan 100 m fjarlægðar frá fornleifum sem njóta verndar samkvæmt þjóðminjalögum.


⁵ Minjastofnun Íslands, *Skráningaráðlar fornleifa*, 2013, bls. 2. *Reglur um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda*, nr. 620.

⁶ Vefur Minjastofnunar Íslands, Skráning fornleifa.

1. Inngangur

Borgarsögusafn Reykjavíkur heldur utan um skráningu fornleifa í Reykjavík. Í þessari skýrslu er greint frá fornleifum, mannvirkjum og yngri minjum á svæði sem er skilgreint sem framkvæmdasvæði eða skráningsvæði.

Framkvæmdasvæði Borgarlínu fylgir að mestu götum frá Stórhöfða að Sævarhöfða, annars vegar yfir Geirsnef að Sæbraut og hins vegar eftir Sævarhöfða um Breiðhöfða að Sæbraut. Eftir Suðurlandsbraut að Laugavegi, frá Laugavegi um Hverfisgötu og Lækjargötu. Eftir Fríkirkjuvegi og Skothúsvegi annars vegar og Vonarstræti og Suðurgötu að Skothúsvegi hins vegar. Um Melatorg, Suðurgötu, Sturlugötu og Njarðargötu að Hringbraut. Svæði sem afmarkast af Njarðargötu, Sóleyjargötu, Vatnsmýrarvegi og Hringbraut. Frá Vatnsmýrarvegi eftir lóð Landspítalans og Burknagötu að Snorrabraut. Um mislæg gatnamót Bústaðavegar, Miklabrautar og Hringbrautar um Armarhlíð og Nauthólsveg að Nauthólstorgi. Eftir Menntavegi aftur að Nauthólsvegi að Fossvogsbrú, sjá mynd 1. Veglinan sem tekin var út er um 12 km að lengd en auk þess voru tvær aukaleiðir skráðar sem höfðu áhrif á úttektarsvæðið til stækkunar (1,4 km). Borgarlína liggur að mestu eftir áður gerðum götum.



Mynd 1. Afmörkun framkvæmdasvæðis Borgarlínu.⁷


Fornleifaskráningin er að miklu leyti nýskráning en fyrir liggja áður útkomnar fornleifaskráningaskýrslur fyrir hluta af þessari leið:

- *Ártúnshöfði, fornleifaskrá, skýrsla 212, Reykjavík 2021.*
- *Skeifan, fornleifaskrá og húsakönnun, skýrsla 185, Reykjavík 2017.*
- *Byggðakönnun. Borgarhluti 5 – Háleiti, skýrsla 164, Reykjavík 2014.*

⁷ Grunnur úr Borgarvefsjá. Vefslóð: <https://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/>

- *Byggðakönnun. Borgarhluti 4 – Laugardalur, skýrsla 162, Reykjavík 2013.*
- *Eldri byggð á lóð Stjórnarráðsins, skýrsla 186, Reykjavík 2017.*
- *Húsakönnun og fornleifaskráning vegna fyrirhugaðs tónlistar- og ráðstefnuhúss við Reykjavíkurhöfn, skýrsla 117, Reykjavík 2005.*
- *Fornleifar í Suðurgötu frá Melatorgi að Túngeitum, í Vonarstræti frá Suðurgötu að Tjarnargötu, í Túngeitum frá Suðurgötu að Garðastræti og næsta nágrenni, skýrsla 116, Reykjavík 2004.*
- *Vatnsmýri – Seljamýri – Öskjuhlíð, byggðakönnun, fornleifaskrá og húsakönnun, skýrsla 161, Reykjavík 2013.*
- *Fornleifaskráning Landspítalalóðar, skýrsla 155, Reykjavík 2011.*
- *Nauthólsvík og Nauthólsvegur. Fornleifaskrá og húsakönnun, skýrsla 200, Reykjavík 2019.*
- *Byggðakönnun. Borgarhluti 3 – Hlíðar, skýrsla 224, Reykjavík 2024.*

Í þessari skýrslu eru allar þessar skráningar endurskoðaðar samkvæmt skráningarstöðlum fornleifa og reglum Minjastofnunar Íslands um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda og uppmælingu fornleifa með landmælingatæki, Trimble Geo7.⁸ Hér liggur því fyrir ein heildarskýrsla fyrir allt framkvæmdasvæðið. Fornleifaskráningin fylgir kröfum um skráningu vegna mats á umhverfisáhrifum og gert er hættumat og lagðar fram tillögur að mótvægisáðgerðum fyrir alla minjastaði á áætluðu framkvæmdasvæði, ásamt minjakortum.



Mynd 2. Framkvæmdasvæðið, 1. lotu Borgarlinu er skipt upp í sex leggi til að einfalda umfjöllun og skerpa á mikilvægum viðfangsefnum á hverju svæði.⁹

⁸ Minjastofnun Íslands, Skráningarstaðlar fornleifa, 2013, bls. 26.

⁹ Borgarlinnan, Ártúnshöfði – Hamraborg: Tillaga að matsáætlun, bls. 15.

Skýrslan hefst á því að fjallað er almennt um verndun menningarminja og um tilgang og aðferðir við fornleifaskráningu. Þá er farið yfir sögu þeirra svæða sem framkvæmdin liggur um og birt skrá yfir fornleifar í töfluformi og yngri minjar á áetluðu framkvæmdasvæði auk korta. Í viðauka er minjatafla þar sem fram kemur hættumat og drög að mótvægisadgerðum fyrir alla minjastaðina sem eru á áetluðu framkvæmdasvæði, ásamt minjakortum. **Minjastofnun Íslands metur mótvægisadgerðir, hér eru þær einungis settar fram sem tillögur.**

Minjastofnun Íslands úthlutaði verkefnanúmerinu **2838** fyrir skráningu Borgarlínu. Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir unnu að vettvangsskráningu sem fór fram í júlí og október 2022. Samhliða var unnið að heimildavinnu, úrvinnslu gagna og skýrslugerð. Skráðar voru búsetuminjar, gamlar leiðir, herminjar og yngri minjar, samtals **226** minjastaðir.

Tafla 1. Skipting framkvæmdar Borgarlínu í leggi og lengd þeirra eins og gert er í umhverfismatsskýrslu.¹⁰

Heiti	Lengd (m)	Stöðvar	Lýsing
Ártúnshöfði-Sæbraut	1.800	3	Liggur frá Ártúnshöfða og á brú yfir Elliðaárvog og Sæbraut.
Sæbraut-Laugavegur	3.450	5	Liggur frá Sæbraut, eftir Suðurlandsbraut og Laugavegi að Katrínartúni.
Laugavegur-HÍ	2.350	5	Liggur frá Katrínartúni, um Hlemm, Hverfisgötu, Lækjargötu, Fríkirkjuveg, Skothúsveg og Suðurgötu að Melatorgi.
HÍ-Landspítalinn	1.300	4	Liggur frá Melatorgi, Hringbraut að BSÍ og Burknagötu að nýja meðferðarkjarnanum.
Landspítalinn-HR/Fossvogsbrú	2.150	3	Liggur frá nýja meðferðarkjarnanum, Snorrabraut, Arnarhlíð, Nauthólsvegi og að Fossvogsbrú.
Fossvogsbrú-Hamraborg	1.900	4	Liggur frá Fossvogsbrú á Kársnesi, Bakkabraut, Borgarholtsbraut að Hamraborg.
	12.950	24	

Ekki er gerð úttekt á minjum sem tilheyra Kópavogi í þessari skýrslu.

¹⁰ Borgarlínan, Ártúnshöfði – Hamraborg: Tillaga að matsáætlun, bls. 15.

2. Almennt um verndun menningarminja

Samkvæmt lögum um menningarminjar nr. 80/2012 fer ráðherra með yfirlitjórn verndunar og vörslu menningarminja í landinu. Tilgangur laganna er að stuðla að verndun menningarminja og tryggja að íslenskum menningarárfi verði skilað óspilltum til komandi kynslóða. Lögin eiga jafnframt að tryggja eftir föngum varðveislu menningarminja í eigin umhverfi.

Minjastofnun Íslands, sem er ríkisstofnun undir yfirlitjórn ráðherra, annast framkvæmd laganna. Samkvæmt 16. gr. laganna skal skrá fornleifar, hús og mannvirki áður en gengið er frá aðalskipulagi eða deiliskipulagi.¹¹

Menningarminjar teljast ummerki um sögu þjóðarinnar, svo sem fornminjar, menningar- og búsetulandslag, kirkjugripir og minningarmörk, hús og önnur mannvirki, skip og bátar, samgöngutæki, listmunir og nytjahlutir, svo og myndir og aðrar heimildir um menningarsögu þjóðarinnar. Lögin taka einnig til staða sem tengjast menningarsögu.

Um friðun og friðlýsing er fjallað í 5. gr. laganna:

Friðun felur í sér sjálfkrafa verndun fornminja, húsa og mannvirkja á grundvelli aldurs þeirra, samkvæmt nánari fyrirmælum laga þessara. ... Friðlýsing fornleifa, húsa og mannvirkja getur falið í sér kvöð sem þinglýst er á fasteign og hefur þann tilgang að tryggja sem best varðveislu menningarminja.

Friðlýsing er síðan nánar útfærð í 18. gr. laganna en samkvæmt þeim skal Minjastofnun Íslands hafa samráð við skipulagsyfirlöld þess landsvæðis sem menningarminjar tilheyra þegar fjallað er um friðlýsing.

Friðlýsa má fornleifar, skip og báta, svo og hús og mannvirki eða hluta þeirra, sem hafa menningarsögulegt, vísdalegt eða listrænt gildi. Friðlýsing getur náð til nánasta umhverfis hins friðlýsta minjastaðar, húss eða mannvirkis. Friðlýsa má samfelld svæði þar sem fleiri en einn minjastaður teljast hafa sérstakt menningarsögulegt gildi. Einnig má friðlýsa samstæður húsa sem hafa sama gildi og að framan greinir og gilda þá reglur friðlýsingar um hvert einstakt þeirra.

Samkvæmt lögum eru allar fornleifar friðhelgar og verndaðar gegn hvers kyns raski. Í 21. gr. laganna segir:

Fornleifum, sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands.

Þetta á við um allar fornleifar, kunnar sem ókunnar, samanber 24. grein:

Finnist fornminjar sem áður voru ókunnar, t.d. undir yfirborði jarðar, sjávar, vatns eða í jökli, skal skýra Minjastofnun Íslands frá fundinum svo fljótt sem unnt er. Sama skylda hvílir á landeiganda og ábúanda er þeir fá vitneskju um fundinn.

Fornminjar njóta friðunar nema annað sé ákveðið af Minjastofnun Íslands. Fornminjar eru annars vegar forngrípir og hins vegar fornleifar. Fornleifar eru skilgreindar svo samkvæmt 3. gr. laganna:

Fornleifar teljast hvers kyns mannvistarleifar, á landi, í jörðu, í jökli, sjó eða vatni, sem menn hafa gert eða mannaverk eru á og eru 100 ára og eldri, svo sem:

a. búsetulandslag, skrúðgarðar og kirkjugarðar, byggðaleifar, bæjarstæði og bæjarleifar ásamt tilheyrandi leifum mannvirkja og öskuhauga, húsaleifar hvers kyns, svo sem leifar kirkna, bænhúsa, klaustra, þingstaða og búða, leifar af verbúðum, naustum og verslunarstöðum og byggðaleifar í hellum og skútum,

b. vinnustaðir þar sem aflað var fanga, svo sem leifar af seljum, verstöðvum, bólum, mógröfum,

¹¹ Lög um menningarminjar 2012 – nr. 80 – 29. júní. Tóku gildi 1. janúar 2013.

- kolagröfum og rauðablæstri,
- c. tún- og akurgerði, leifar rétta, áveitumannvirki og aðrar ræktunarmínjar, svo og leifar eftir veiðar til sjávar og sveita,
- d. vegir og götur, leifar af stíflum, leifar af brúm og öðrum samgöngumannvirkjum, vöð, varir, leifar hafnarmannvirkja og bátalægi, slippir, ferjustaðir, kláfar, vörður og önnur vega- og siglingamerki ásamt kennileitum þeirra,
- e. virki og skansar og leifar af öðrum varnarmannvirkjum,
- f. þingstaðir, meintir hörgar, hof og vé, brunnar, uppsprettur, álagablettir og aðrir staðir og kennileiti sem tengast síðum, venjum, þjóðtrú eða þjóðsagnahefð,
- g. áletranir, myndir eða önnur verksummerki af manna völdum í hellum eða skútum, á klettu, klöppum eða jarðföstum steinum og minningarmörk í kirkjugörðum,
- h. haugar, dysjar og aðrir greftrunarstaðir úr heiðnum eða kristnum sið,
- i. skipsflök eða hlutar þeirra.

Eitt markmið skráningar menningarmínja (fornleifa, húsa og mannvirkja) er að koma í veg fyrir að þær verði fyrir raski eða skemmdum að nauðsynjalausu. Það er hagur þeirra sem stýra framkvæmdum að til sé yfirlit yfir menningarmínjar á tilteknum svæðum og það fæst með skráningu minjanna.

Fornleifaskráning minnkar líkur á því að óvænt finnist fornleifar á svæðinu sem nauðsynlega verður að rannsaka. Björgunaruppgröftur sem unnninn er vegna framkvæmda og undir þrýstingi frá framkvæmdaraðilum er ekki æskilegur frá sjónarmiði fornleifafræðinna. Fornleifaskráning sameinar því hagsmuni framkvæmdaraðila og fræðigreinarinnar. Almennt er æskilegast að framkvæmdum sé beint frá minjastöðum því að þeir sem standa fyrir meiriháttar framkvæmdum bera kostnað af fornleifarannsóknum sem nauðsynlegar reynast þeirra vegna, samanber 28. grein:

Framkvæmdaraðili greiðir kostnað við þær rannsóknir á fornleifum sem Minjastofnun Íslands ákveður að séu nauðsynlegar vegna fyrirhugaðra framkvæmda. Við allar umfangsmiklar framkvæmdir skal sá sem fyrir þeim stendur bera kostnað af nauðsynlegum rannsóknum og vettvangsskráningu fornleifa.

3. Tilgangur og aðferðafræði við skráningu fornleifa, mannvirkja og yngri minja

Borgarsögusafn Reykjavíkur (áður Minjasafn Reykjavíkur) heldur skrár yfir menningarmínjar í Reykjavík, fornleifaskrá og húsaskrá, sem eru rafraenar skrár. Fornleifaskrá Reykjavíkur var fyrst gefin út árið 1995 og þá voru um 200 minjastaðir skráðir. Stöðugt er unnið að endurskoðun hennar og nú (2024) eru um 4.400 minjastaðir skráðir. Fornleifaskráning er í raun skilyrði þess að hægt sé að vinna markvisst að varðveislu fornleifa.

Allar fornleifar eru skráðar í *Sarp* – menningarsögulegan gagnagrunn. Minjar eru skráðar eftir jörðum og þeirri jarðaskiptingu fylgt sem tíðkaðist um 1835–1845. Hver minjastaður fær þrískipt númer: í fyrsta lagi landsnúmer sem fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands úthlutar, í öðru lagi jarðarnúmer úr Jarðatali J. Johnsen frá 1847 og í þriðja lagi númer fornleifar, hlaupandi tölu innan jarðar, t.d. Reykjavík 181285-5-1. Í fornleifaskrá og á kortum eru einungis notaðar tvær síðustu tölurnar, Reykjavík 5-1.

Fornleifaskrá þessi er unnin eftir stöðlum Minjastofnunar Íslands í samræmi við ákvæði laga um menningarmínjar nr. 80/2012. Minjastofnun úthlutar skráningaraðilum verkefnanúmeri og hefur þessi skráning hlotið númerið **2838**, hér nefnt MÍ-númer.

Við skráningu fornleifa og annarra menningarmínja er byrjað á að fara yfir ritheimildir og fyrri rannsóknir sem varða svæðið ásamt því að rýnt er í kort og loftmyndir sem vísað er til eftir því sem við á. Þessi skráning byggir að hluta til á eldri skráningum ásamt vettvangsrannsókn sem fólst í því að gengið var um viðkomandi svæði og minjar leitaðar uppi. Þar sem minjar eru sjánlegar er staðháttum lýst, minjar mældar upp og ljósmyndaðar. Ef minjar finnast ekki á yfirborði eru þær skráðar sem

heimild en á þeim stöðum eru líkur á því að minjar sé enn að finna í jörðu og geti komið í ljós við jarðrask. Þá er reynt að áætla hvaða hlutverk minjar hafa haft, yfirleitt út frá staðsetningu, og mat lagt á ástand þeirra.

Lagt var mat á hættu sem minjar á áætluðu framkvæmdasvæði eru í út frá þessari tilteknu framkvæmd. Hættumatið miðast yfirleitt við fjarlægð minja frá framkvæmdum enda eru meiri líkur á að minjar sem eru nær verði fyrir hnjasíki en þær minjar sem eru fjær. Minjarnar voru flokkaðar samkvæmt Skráningarástöðlum Minjastofnunar Íslands í þrjá flokka: Engin hætta, hætta og mikil hætta.¹²

Við staðsetningu á minjum er gömlum kortum og loftmyndum varpað (þær strekktar) á hnissettan grunn sem sóttur er í Landsupplýsingakerfi Reykjavíkurborgar (LUKR) og þar eru minjarnar hnissettar í kerfinu ISN93 sem punktar, en ef minjarnar eru sýnilegar á yfirborði eru þær mældar upp á vettvangi.

Minjar eru flokkaðar eftir aldri. Elstu minjarnar eru fornleifar í rauðum flokki og eru þær friðaðar. Yngri minjar eru merktar með gulum og grænum lit en herminjar eru flokkaðar sérstaklega og merktar bláum lit. Aldur er áætlaður út frá útliti og upplýsingum um sögu byggðar.

Tafla 2. Aldursflokkar.

Flokkur	Tegundir minja	Litur flokks
1	Fornleifar, minjar 100 ára og eldri	● Rauður
2	Minjar frá 1925–1935	● Gulur
3	Minjar frá 1936 og yngri	● Grænn
4	Herminjar frá 1940 og yngri	● Blár

Fornleifar innan og rétt við áætlað framkvæmdasvæði voru skráðar og mældar upp með Trimble Geo7 staðsetningartæki. Öll kort í skýrslunni eru unnin á grunna Landsupplýsingakerfis Reykjavíkurborgar (LUKR) í tölvuforritinu ArcMap.

¹² Minjastofnun Íslands, *Skráningarástöðlar fornleifa*, 2013, bls. 26.

4. Í landi Ártúns, Klepps, Laugarness, Rauðarár, Arnarhóls, Reykjavíkur og Skildinganess

Til umfjöllunar eru fornleifar á framkvæmdasvæði vegna gerðar Borgarlínu frá Ártúnshöfða að Fossvogsbrú.

Landsvæðið sem núverandi borgarland Reykjavíkur nær yfir skiptist á oldum áður upp í jarðir lögbýla og eru minjarnar skráðar undir þær. Það landsvæði sem skilgreint er sem framkvæmdasvæði Borgarlínu tilheyrði áður sex bújörðum, Ártúni, Kleppi, Laugarnesi, Rauðará, Arnarhóli, Reykjavík og Skildinganesi, sjá mynd 3.



Mynd 3. Jarðamörk lögbýla á skráningarsvæðinu eins og þau voru árið 1703. Jarðirnar Skildinganes, Reykjavík, Arnarhóll, Rauðará, Laugarnes, Kleppur, Bústaðir og Ártún ásamt helstu örnefnum.¹³

¹³ Samsett kort úr kortagrunni Landsupplysingakerfis Reykjavíkur (LUKR). Borgarvefsjá. Vefsíða: <https://borgarvefsja.reykjavik.is/borgarvefsja/> → Opna valglugga → Saga og þróun → Lögbýli í Rvk. 1703. Sótt 1. maí 2023; Örnefni, nafnið.is <https://xn--nafni-mta.is/>. Merkingar og kortavinnsla: Anna Lísa Guðmundsdóttir.

4.1 Ártúnshöfði – Elliðaárvogur (110)

4.1.1 Staðhættir, minjar og örnefni

Ártúnshöfði tilheyrði áður jörðunum Ártúni og Árbæ. Ártúnshöfði einkennist af holtum og ásum, mýrum og fornum ísaldareyrum sem nú eru sundurgrafrnar vegna malarnáms. Svæðið er að mestu byggt sem iðnaðarsvæði en við Elliðaárvogur og Grafarvogur eru miklar landfyllingar óbyggðar. Það svæði sem hér er til skoðunar nær yfir lítið hluta af jörðinni Ártúni.

Framkvæmdasvæði Borgarlínunnar: Ártúnshöfði – Elliðaárvogur (110) hefst við vesturenda Stórhöfða þar sem áður hafði verið hluti af Fjarskiptastöð hersins, General Receiving Station, Artunshofdi (263-22), staðsett á *Krossamýrarblettum* (263-43). Leiðin liggur síðan í vestur niður með *Krossgili* en þar er lækur sem er afrennsli af mýrarfláka á miðjum Ártúnshöfða sem nefndist *Krossamýri*. Leiðin liggur svo áfram yfir svæði sem voru gamlar malarnámur og norðar grjótnámur (263-44) að Sævarhöfða. Gatan er að mestu á landfyllingu. Áður en þessar landfyllingar voru settar í Elliðaárvoginn voru þarna miklar leirur.¹⁴




Mynd 4. Malarnámur voru við jarðhúsin og þar sem Steypustöðin og Malbikunnarstöðin risu á Ártúnshöfða. Mosfellssveitarvegur, síðar Vesturlandsvegur, liggur þvert yfir kortið og Krossamýrarvegur, síðar Breiðhöfði, frá honum í norður og syðst er Suðurlandsvegur. Hluti af korti frá árinu 1956.¹⁵

¹⁴ Einar S. Arnalds: *Reykjavík: Sögustaður við Sund*, 4. bindi, kort Guðlaugs R. Guðmundssonar, bls. 175 og 180, Stofnun Árna Magnússonar: Örnefnalýsing Árbæjar (181181-262-2).

¹⁵ Borgarsögusafn Reykjavíkur. Korta og teikningasafn: Kort af Reykjavík, Seltjarnarnesi og Kópavogskaupstað 1956 (hluti), teiknað af Ágústi Böðvarssyni. Prentað eintak.




Mynd 5. North West-vélskófla í grjótnámunni við Elliðaárvog. ¹⁶



Mynd 6. Grjótmulningsvél sem tekin var í notkun árið 1944.¹⁷

Engar sýnilegar fornleifar eða yngri minjar eru á þessari leið.



Mynd 7. Skráðar fornleifar, mannvirki og yngri minjar á framkvæmdasvæði 110, Ártúnshöfði – Elliðaárvogur.

¹⁶ Ljósmyndasafn Reykjavíkur. LOG 018 3-2. Ljósmyndari Loftur Guðmundsson, 1944.

¹⁷ Ljósmyndasafn Reykjavíkur. LOG 018 1-1. Ljósmyndari Loftur Guðmundsson, 1944.

Tafla 3. Minjar á framkvæmdasvæðinu Ártúnshöfði – Elliðaárvogur (110).

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
263-22	General Receiving Station, Artunshofdi	Fjarskiptastöð, herminjar	Heimild	1940–1946	362544	406012	44	27	Ómetið	Já
263-43	Krossamýrarblettir 1–15	Erfðafestuland	Heimild	1935–1970	362561	405827			Ómetið	Já
263-44	Grjótnám Reykjavíkur	Náma, sandnáma, Grjótvinnsla	Heimild, náma	1930	361810	405695			Slæmt	Nei
263-50		Vegur	Heimild	1950–1980	361954	405790			Ómetið	Já

4.2 Geirsnef – Vogabyggð (120)

4.2.1 Staðhættir, minjar og örnefni

Landið sem leggurinn Geirsnef og Vogabyggð eru á tilheyriði áður jörðunum Kleppi og Bústöðum. Landið einkenndist af holtum, ásum og mýrum, áður var þetta beiti- og ræktarland. Svæðið er að litlum hluta byggt en landafyllingar og umferðarmannvirki einkenna svæðið. Fyrir botni *Elliðaárvogs* voru ósar *Elliðaánna* eða *Árkjaftar* en áður voru þarna miklar leirur. Á tímabilinu 1965–1975 voru gerðar miklar uppfyllingar á svæðinu svo að ásýnd og náttúra *Elliðaárósa* gjörbreyttist.¹⁸ Við framkvæmdirnar urðu til tveir flatlendir tangar eða nes og er það eystra kallað *Geirsnef* en Geir Hallgrímsson var þá borgarstjóri þegar sú uppfylling var gerð. Norðar og vestar er svo önnur landfylling, þar er gatan *Naustavogur* og smábátahöfn Snarfara. Þróngur vogur sem myndaðist vestan uppfyllinganna hefur verið nefndur *Arnarvogur*, þar eru *Háubakkar* náttúruverndarsvæði sem var friðlýst 1983.¹⁹

Að austan hefur verið fyllt út frá Ártúnshöfða þar sem gatan Sævarhöfði er. *Markarlækur* var landamerki á milli jarðanna Klepps og Bústaða en sá lækur var afrennsli Sogamýrar (kominn í lokað ræsi), sunnan við lækinn var *Marbakkamýri* og við *Elliðaárvog Marbakki*.²⁰ Úr hinu gamla landi Klepps, í *Kleppsmýri* austan Langholtsvegar, var úthlutað svokölluðum *Kleppsmýrarblettum*. Það svæði sem hér er til umfjöllunar er á þeim slóðum þar sem syðstu Kleppsmýrarblettirnir voru (Kleppsmýrarblettir 15–17) en þeim var flestum úthlutað á árunum 1928–1929.

Framkvæmdasvæði Borgarlínunnar: Geirsnef – Vogabyggð (120) er tvískipt, nyrðri leiðin byrjar í austri við Sævarhöfða á gamalli landfyllingu. Leiðin liggur svo í vestur yfir eystri kvísl *Elliðaánna*, yfir Geirsnef en þar eru gamlir sorphaugar og moldartippur, áfram yfir vestari kvísl *Elliðaánna* yfir á aðra landfyllingu og að lokum inn á gamla landið sem var úthagi frá Kleppi. Þar var *Biskupabraut* (231-74), gamall slóði frá vaðinu vestan við *Elliðaár* meðfram allri norðurströndinni að Kleppi. Annar vegur, *Suðurlandsvegur/Suðurlandsbraut* (231-75), lá frá Laugavegi (Þvottalaugavegi) að gömlu brúnum yfir *Elliðaár*. Hann var lagður um 1886.

¹⁸ Guðrún Jensdóttir, *Próun strandlengjunnar í Reykjavík og nágrenni*, bls.21.

¹⁹ Umhverfisstofnun. *Fridlysingar 2015*: Skýrsla Umhverfisstofnunar til umhverfisráðherra um vinnu við friðlysingar á árinu 2015, bls. 11.

²⁰ Guðlaugur R. Guðmundsson, „Örnefnalýsing Laugarness, Klepps og Rauðarár“. *Reykjavík. Miðstöð þjóðlifs*, bls. 300.



Mynd 8. Eystri Elliðaárbrúin (323-22) eftrir að búið var að endurgera hana árið 1920.²¹



Mynd 9. Eystri Elliðaárbrúin (232-23). Til hægri er sá hluti sem er notaður sem göngubrú í grunninn frá 1883, norðar er svo nýrri brú eða frá 1940, notuð sem akvegur.



Mynd 10. Við ósa Elliðaánnna í Elliðaárvgi á fyrri hluta 20. aldar. Húsapyrping fyrir miðju eru neðri veiðihúsin. Fjær sést Geldinganes fyrir miðju og Gufuneshöfði til hægri. Fjallid Esja í fjarska.²²

²¹ Ljósmyndasafn Reykjavíkur. MAÓ 1641-2. Ljósmyndari Magnús Ólafsson, 1921–1931.

²² Ljósmyndasafn Reykjavíkur. MAÓ 945. Ljósmyndari Magnús Ólafsson, 1905–1920.

Syðri framkvæmdaleiðin undir sama númeri er eftir Sævarhöfða yfir eystri Elliðaárbrúna (232-22) og svæðið þar sem Veiðihúsin neðri (232-7) voru, síðan áfram yfir vestari brúna (323-88) og í norður með Melbakka eftir fyrnefndri Biskupabraut (231-74). Þessi leið liggur yfir *Markarlæk* (231-69).

Landi því sem liggur undir á þessu framkvæmdasvæði vestan við Elliðaárvog var síðar úthlutað sem erfðafestulöndum og nefndust þá Kleppsmýrarblettir, úttektarsvæðið fer yfir eða inn á bletti númer XIII, síðar nefndur Strönd (231-55), XV Birkibæ (231-73), XVI Steinahlíð (231-72) og XVII Útskála (231-57). Á lóð Steinahlíðar er *Álfasteinn* (231-86). Austan við Sævarhöfða 2 var herskálakampurinn *Fenton Street Camp* (263-20). Eftir að setulið yfиргaf braggana nýttu íslenskar fjölskyldur sér kampinn sem fékk þá nafnið *Elliðaárhverfi* eða *Elliðaárkampur*. Vestan megin við Elliðaárvog var herbraggahverfið *Camp Gibraltar* (231-54) og *Camp Monmont* (231-54).



Mynd 11. Við vestari kvísl Elliðaánnna. Sjá má Útskála og Steinahlíð efst í hægra horninu á myndinni og Nesti við Elliðaárvog til vinstri.²³



Mynd 12. Elliðaárhverfi við Ártúnsbrekku, áður Fenton Street Camp, í júní 1959.²⁴


²³ Ljósmyndasafn Reykjavíkur. SVþ 001 0313-1. Ljósmyndari Sveinn Þormóðsson.

²⁴ Ljósmyndasafn Reykjavíkur. HSC 223 61. Ljósmyndari Hermann Schlenker, júní 1959.



Mynd 13. Álfasteinn (231-86) á lóð Steinahlíðar.

Fornleifar á þessari leið eru gamla brúin yfir eystri kvísl Elliðaár (232-22), svæðið þar sem Veiðihúsin neðri (232-7) voru auk Biskupabrautar (231-74), gömul slóð sem er líklega horfin með öllu. Aðrar minjar eru Álfasteinn (231-86) á lóð Steinahlíðar.



Mynd 14. Skráðar fornleifar, mannvirki og yngri minjar á framkvæmdasvæðinu Geirsnef – Vogabyggð (120). Framkvæmdasvæði fyrir bæði nyrðri og svöðri leið með svartri brotalínu.

Tafla 4. Minjar á framkvæmdasvæðinu Ártúnshöfði – Elliðaárvogur (120).


Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
231-57	Kleppsmýrarblettur 17, Útskálar	Íbúðarhús	Heimild	1941– 1975	361315	405758	15	10	Ómetið	Að hluta
231-71	Kleppsmýrarblettur 17, Útskálar	Kartöflu-garður	Heimild	1940	361402	405831			Ómetið	Já
231-70	Kleppsmýrarblettur 17, Útskálar	Torfkofi	Heimild	1930	361351	361351	27	18	Ómetið	Já
231-74	Biskupagata eða Biskupabraut	Leið, sem vegur	Heimild	1826– 1907	361404	405888			Ómetið	Já
231-75	Suðurlandsbraut	Vegur	Heimild	1908	361140	405711			Ómetið	Nei
231-85	Tvísteinar	Örnefni	Steinn	1932	361168	405876			Gott	Nei
231-86	Álfasteinn við Steinahlíð	Álfasteinn	Steinn	1939	361206	405858			Gott	Nei
231-87	Steinahlíð	Sólbaðsstaður	Skjólgarður	1939	361203	405883	6	3	Gott	Nei
232-7	Neðri veiðihúsin	Geymsla, veiðihús	Heimild	1853– 1950	361549	405564	50	20	Ómetið	Að hluta
232-22	Elliðaárbrú eystri	Brú	Brú	1883	361634	405521	10	4	Gott	Nei
232-88	Elliðaárbrú vestari	Brú	Brú	1940	361518	405545	27	8,8	Gott	Nei

4.3 Suðurlandsbraut – Laugavegur – Katrínartún (130)

Leggur þrjú liggur vestur Suðurlandsbraut og Laugaveg að Katrínartúni og Mjölnisholti.

4.3.1 Staðhættir, minjar og örnefni

Það svæði sem hér er skoðað nær yfir lítinn hluta af jörðunum Laugarnesi og Rauðará og var beitiland fyrr á öldum. Laugavegur var upphaflega lagður frá *Vegamótastíg* austur að *Pvottalaugunum*, byrjað var á framkvæmdinni 1886.²⁵ Í framhaldi var þjóðvegurinn Suðurlandsvegur/Suðurlandsbraut lagður að brúnum yfir Elliðaár, samhliða varð þessi nýi vegur aðalleiðin út úr bænum á vestur- og suðurland (sjá mynd 15).



Mynd 15. Suðurlandsvegur/Suðurlandsbraut frá Pvottalaugavegi að Elliðaárbrú. Vegurinn er afmarkaður með tvöfaldri línu og hér litaður rauður til aðgreiningar. Aðrir vegir sem voru ekki vagnsærir eru svartar línar, þeir vegir voru gömlu leiðirnar sem farið var á milli bæja og í grunninn elsta vegakerfið.²⁶

Ef haldið er frá Elliðaánum í vestur eftir Suðurlandsbraut er *Langholt* til norðurs, þar voru *Pvottalaugablettir* en *Sogamýri* er til suðurs, þar voru *Sogamýrarblettir*. Á móts við Skeiðarvog voru *Prísteinar* (230-11) sem voru landamerki Klepps, Bústaða og Lauganess. Við Suðurlandsbraut frá Grensásvegi að Kringlumýrarbraut voru býlin *Múli* (230-195) á horni Múlavegs og Suðurlandsbrautar, *Laugabrekka* (230-196) rétt vestan við Reykjaveg. Vestan við Reykjaveg lá gamla leiðin í Pvottalaugarnar, þar voru býlin *Brúnastaðir* (230-198) og *Undraland* (230-199) á Kirkjumýrarblettum við Pvottalaugaveg (230-203). Rétt austan við gatnamót Suðurlandsbrautar og Kringlumýrarbrautar rann *Fúlutjarnarlækur* sem var afrennsli Kirkjumýrar og Kringlumýrar og var farvegur hans að mestu

²⁵ Klemens Jónsson, *Saga Reykjavíkur II*, bls. 161.

²⁶ Landmælingar Íslands. Kortasafn. Kort danska herforingjaráðsins af Reykjavík 1909. Generalstabens topografiske Afdeling. Kaupmannahöfn 1909, mælt 1908. Teiknað á kortið, ALG.

leyti vestan við núverandi Kringlumýrarbraut (sjá mynd 15). Fúlutjarnarlækur var talinn illur yfirferðar í miklum rigningum og leysingum. Hann dregur nafn sitt af *Fúlutjörn*. Fúlutjarnarlækur var settur í stokk árið 1957 og er því ekki sýnilegur lengur.²⁷ Vestan við Fúlutjarnarlæk var býlið *Lækjarhvammur* (230-52), túngarður (230-201) Lækjarhvamms lá með veginum. Fúlutjarnarlækur var brúður (230-200) samhliða gerð upphaflegu götunar. Eldri leið yfir lækinn var á vaði aðeins norðar.

Vestan við Suðurlandsbraut frá Grensásvegi og að Reykjavegi voru þrír herskálakampar, austast var *Harley Street Camp* (Herskálakampur) (230-98), síðan *Camp Caledonia* (Múlakampur) (230-97) og vestast *Camp Casement* (230-96).²⁸



Mynd 16. 1920–1930, Tunga við ofanverðan Laugaveg, hús Dýraverndunarfelags Íslands.²⁹



Mynd 17. Múli, hlaðan, fjósið og íbúðarhúsið, horfti í norðaustur.³⁰



Mynd 18. Laugabrekka, horfti í norðvestur.³¹


²⁷ Guðlaugur R. Guðmundsson, „Örnefnalýsing Laugarness, Klepps og Rauðarár“. *Reykjavík. Miðstöð þjóðlífss,* bls. 295–303; Vefur Guðjóns Friðrikssonar, Alfræði Reykjavíkur. Vefslóð: <http://gudjonfr.is/alfraedireykjavikur/> Leitarorð: Fúlutjarnarlækur, Fúlatjörn. Sótt 11.3.2024.

²⁸ Eggert Þór Bernharðsson, *Undir bárujárnsborga, braggalíf í Reykjavík 1940–1970*, bls. 22–23.

²⁹ *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. MAÓ 1071. Ljósmyndari Magnús Ólafsson.

³⁰ *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. SPÓ ÁBS 1144. Ljósmyndari Sveinn Þórðarson, 1973.

³¹ *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. SPÓ ÁBS 1486. Ljósmyndari Sveinn Þórðarson, 1973.




Mynd 19. Laugavegur 173, Brynjólfshús (9-73).³²


Frá Kringlumýrarbraut og vestur að Katrínartúni er Laugavegur, býlið *Tunga* var rétt vestan við götuna Hátún, vestar lá svo gamli Laugarnesvegur yfir Mómyrarbletti að brú yfir fyrrnefndan *Fúlutjarnarlæk*. Vestar við Laugaveg voru svo *Brynjólfssblettir* 1 og 2, austan við Höfðatún sem nú er Katrínartún. Að sunnan við Laugaveg var *Rauðarárholt*, austast í því var *Arablettur* en þar er nú er bensínstöðin Laugavegur 180. Vestan við hana var *Kringlumýrarvegur* sem lá í suður að Hamrahlíð. Norðan í Rauðarárholti var Grjótnámið, þar var grjót tekið og mulið í mulningsvélum og blandað tjöru til gatnagerðar (9-46). Við gatnamót Katrínartúns og Laugavegar voru nokkur hús byggð um og upp úr 1900 sem nú eru horfin undir framkvæmdir eins og *Brynjólfshús*, Laugavegur 171 (9-73) og *Ás*, steinsteypt hús (9-99).

*Helstu fornleifar á þessari leið eru gömlu býlin sem stóðu við Suðurlandsbraut, Múli (230-195) og Laugabrekka (230-196). Við Laugaveg er það býlið *Tunga* (9-72) og horfin hús: *Brynjólfshús*, Laugavegur 171 (9-73), Laugavegur 165 (9-93), Laugavegur 163 (9-90), Laugavegur 160 (9-89) og *Ás* (9-99). Leifar af þessum húsum gætu leynst í jörðu.*


³² Ljósmyndasafn Reykjavíkur. SPÓ ÁBS 0802. Ljósmyndari Sveinn Þórðarson, 1973.



Mynd 20. Skráðar fornleifar, mannvirki og yngri minjar á framkvæmdasvæði 130, Suðurlandsbraut – Laugavegur – Katrínartún.



Mynd 21. Skráðar fornleifar, mannvirki og yngri minjar á framkvæmdasvæði 130, Suðurlandsbraut – Laugavegur – Katrínartún.



Mynd 22. Skráðar fornleifar, mannvirki og yngri minjar á framkvæmdasvæði 130, Suðurlandsbraut – Laugavegur – Katrínartún.

Tafla 5. Minjar á framkvæmdasvæðinu Suðurlandsbraut – Laugavegur – Katrínartún (130).

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISBN93	Hnit Y ISBN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
9-72	Tunga	Íbúðarhús	Heimild	1910–1973	358856	407553	11,5	11	Ómetið	Að hluta
9-73	Brynjólfshús, Laugavegur 171	Íbúðarhús	Heimild	1901	358568	4E+05	13,8	6,3	Ómetið	Að hluta
9-87	Laugavegur	Gata, í péttbýli	Gata	1902	358476	407713			Ómetið	Að hluta
9-89	Ás, Laugavegur 160a	Íbúðarhús	Heimild	1907–1989	358452	407689	7,8	6,1	Ómetið	Að hluta
9-90	Laugavegur 163	Íbúðarhús	Heimild	1907–1980	358490	407719	10,4	14,4	Ómetið	Að hluta
9-93	Laugavegur 165?	Hús	Heimild	1915	358506	407715	8,5	6,5	Ómetið	Að hluta
230-11	Þrísteinar	Landamerki	Heimild	1889	360550	406237			Ómetið	Já
230-195	Múli, þvottalaugablettur 3	Erfðafestubýli	Heimild	1919–1979	359921	407181			Ómetið	Að hluta
230-196	Laugabrekka, þvottalaugablettur 2	Erfðafestubýli	Heimild	1916–1975	359753	407321			Ómetið	Að hluta
230-200		Brú	Heimild	1902	359241	407338			Ómetið	Já
230-201	Lækjarhvammur	Túngarður	Heimild	1890	359217	407334			Ómetið	Já
230-203	þvottalaugavegur	Vegur	Vegur	1886	359571	407402			Ómetið	Nei
230-75	Suðurlandsbraut	Vegur	Heimild	1908	361140	405711			Ómetið	Nei
230-204	Múlakampur	Íbúðarhverfi	Heimild	1940	360002	406989			Ómetið	Já

4.4 Laugavegur – Miðborg (140)

Leggur fjölgur liggar frá Laugavegi um Hlemm, niður Hverfisgötu að Lækjargötu og eftir henni að Fríkirkjuvegi. Eftir Fríkirkjuvegi liggar hún annars vegar að Skothúsvegi og hins vegar að Vonarstræti og Suðurgötu að Skothúsvegi, um Melatorg, Suðurgötu, Sturlugötu og Njarðargötu að Hringbraut. Þetta er eitt viðkvæmasta svæðið með tilliti til fornleifa. Þegar leiðin er komin í Kvosina er farið um svæði sem hefur að geyma elstu minjar Reykjavíkur. Til að auðvelda úrvinnslu er framkvæmda-svæðinu Laugavegur – Miðborg skipt niður í eftifarandi götur:

- *Laugavegur og Hverfisgata að Snorrabraut*
- *Hverfisgata*
- *Lækjargata*
- *Frikirkjuvegur og Skothúsvegur*
- *Vonarstræti og Suðurgata*

4.4.1 Laugavegur og Hverfisgata að Snorrabraut

Fornleifaskráin nær yfir skráðar fornleifar, mannvirki og yngri minjar sem skráð eru undir jörðina Rauðará á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði Borgarlínu frá gatnamótum Laugavegar við Mjölnisholt, um Hlemm og Hverfisgötu að Snorrabraut.

4.4.1.1 Staðhættir, minjar og örnefni

Á þessu svæði liggar leiðin um jörðina Rauðará. Bæjarstæði Rauðarár (9-1) var austan við Hlemm þar sem nú er Frímúrarahúsið eða Bríetartún 3–5. *Laugavegur* var lagður á þessum slóðum um 1886 upp að *Pvottalaugum* eins og fram hefur komið. Hann lá yfir Rauðará á brú (9-30) sem ekki þótti merkileg og var jafnan nefnd Hlemmur og dregur *Hlemmtorg* nafnið frá henni, þegar yfir Rauðará var komið var Laugavegur lagður yfir syðsta hluta af túnum Rauðarár. Efst við *Mjölnisholt* austan við túngard Rauðarár var *Oturstöðin* eða *Mjölnisstöðin* (9-40) stórt timburhús og fiskþurrkunarreitur sem síðar hýsti timburverslun Árna Jónssonar. Upp með Laugavegi voru nokkur timburhús eins og Norðurþóllinn (9-78), sem bíður nú uppgerður á Esjumelum, auk húsanna Laugavegur 157 (9-91) og 159 (9-94) sem hafa verið fjarlægð. *Vatnsþróin* var reist árið 1912 rétt austan við Hlemm (7-75) til móts við Norðurþóllinn. Hún var úr steinsteypu og í henni var rennandi vatn enda var vatnsveitan þá tekin til starfa í Reykjavík (1909).³³ *Rauðarárstígur* lá í suður með Rauðarárlæk, þar reis nokkur byggð upp úr 1900 og núverandi Rauðarárstígur liggar þar sem þessi gamla gata lá áður. *Gasstöðinni* var fundinn staður á svæðinu fyrir ofan *Rauðarárvík* á *Elsumýrarbletti* vestan við Rauðárlæk, þar sem nú er bílaplan fyrir framan lögreglustöðina við Hverfisgötu. Þar var líka fyrsti kalkofninn (9-27) byggður árið 1874. *Elsumýri* hétt eftir Elsu Ingimundardóttur en hún var umsvifamikil mósölukona eftir miðja 19. öld.³⁴ Umferð jókst til muna eftir því sem byggð þokaðist austur á bóginn og umferðarþunginn varð meiri. Fyrsti vísir að Hlemmtorgi var kominn eftir 1930 og tengist það því að árið 1931 var leið númer 1 hjá Strætisvögnum Reykjavíkur með endastöð við vatnsþróna hjá Hlemmi.³⁵

Fornleifar á þessari leið eru helst leifar af túngörðum Rauðarár (9-2), leifar Gasstöðvarinnar (9-98) fyrir framan lögreglustöðina og minjar Oturstöðvarinnar (9-40) við Mjölnisholt auk grunna húsanna sem stóðu á lóðunum Laugavegi 157 (9-91) og 159 (9-94), minjar þessara horfnu húsa gætu leynt í jörðu.

³³ Guðjón Friðriksson, *Saga Reykjavíkur*, bls. 56; Páll Líndal, *Reykjavík: Sögustaður við Sund*, 3. bindi, bls. 138.

³⁴ Stefán Pálsson, Við Hlemmtorgið gnæfir gasstöðin þeirra svo hátt, bls. 33–34; Páll Líndal, *Reykjavík: Sögustaður við Sund*, 1. bindi, bls. 126.

³⁵ Páll Líndal, *Reykjavík: Sögustaður við Sund*, 2. bindi, bls. 44–45.




Mynd 23. Póstvagnar á Hverfisgötu að fara fram hjá gasstöðinni, til vinstri er steypt vatnsþró þar sem hrossum var brynnt.³⁶




Mynd 24. Drengur á hestbaki austan við Hlemm, hlaðnir túngarðar beggja vegna við veginn, til vinstri eru húsin við Rauðarárstíg, til hægri er Norðurpóll og íbúðarhús gassstöðvarstjóra, Hverfisgata 115. Í fjarska sést byrping timburhúsa í gamla Austurbæ Reykjavíkur og Skólavarðan. Árið er 1910.³⁷

³⁶ Ljósmyndasafn Reykjavíkur. MAÓ 71. Ljósmyndari Magnús Ólafsson um 1915.

³⁷ Ljósmyndasafn Reykjavíkur. FFF 112. Ljósmyndari ónafngreindur ferðamaður, 3.–4. júlí 1910.



Mynd 25. Korti frá 1915 varpað á núverandi skipulag, sjá má þá hvar bærinn Rauðará stóð auk gasstöðvarinnar (9-98) við Hverfisgötu, blá brotalína sýnir hvar væntanlegt framkvæmdasvæði Borgarlinu er um þetta svæði.³⁸



Mynd 26. Skráðar fornleifar, mannvirki og yngri minjar á framkvæmdasvæðinu Laugavegur og Hverfisgata að Snorrabraut (140).

³⁸ Landmælingar Íslands. Kortasafn, Kort danska herforingjaráðsins af Reykjavík 1909 (hluti). Generalstabens Topografiske Afdeling. Kaupmannahöfn 1909, mælt 1908.

Tafla 6. Minjar á framkvæmdasvæðinu Laugavegur og Hverfisgata, Miðborg (140).

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
9-27	Kalkofninn	Kalkofn, til kalkbrennslu	Heimild	1874	358167	407809			Ómetið	Já
9-40	Mjölnisstöðin/ Otursstöðin	Fiskverkunarhús	Heimild	1915	358385	407706			Ómetið	Já
9-75	Vatnsþróin	Vatnsþró	Heimild	1912– 1931	358258	407733	3	1	Ómetið	Já
9-78	Norðurpólinn, Hverfisgata 125	Veitingahús	Heimild	1904– 2006	358276	407747			Ómetið	Já
9-88	Rauðarárstígur	Gata, í þéttbýli	Gata	1906	358101	407385			Ómetið	Já
9-91	Laugavegur 157	Íbúðarhús	Heimild	1919– 2023	358434	407737			Ómetið	Að hluta
9-94	Laugavegur 159	Hús	Heimild	1908– 1963	358453	407738			Ómetið	Að hluta
9-96	Gasstöðvarbrú	Brú	Heimild	1910	358198	407793	4	2	Ómetið	Já
9-98	Gasstöðin	Gasstöð	Heimild	1910– 1959	358147	407818			Ómetið	Að hluta

4.4.2 Hverfisgata

Fornleifaskráin nær yfir skráðar fornleifar, mannvirki og yngri minjar sem skráðar eru undir jörðina Arnarhló á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði Borgarlínu frá gatnamótum Snorrabrautar að Lækjargötu.

4.4.2.1 Hverfisgata, staðhættir, minjar og örnefni

Hverfisgata er ein af eldri götum bæjarins, hún byggðist í nokkrum áföngum. Hún er kennd við *Skuggahverfi* og fékk nafn sitt árið 1898. Þá var hún aðeins stuttur götuspotti í miðju Skuggahverfinu, á milli *Vatnsstígs* og *Vitastígs*. Vitastígur fór að byggjast upp upp úr aldamótum 1900 þar sem áður stóð húsið *Helgastaðir* í Skuggahverfi. Rétt austan við þar sem nú er *Bjarnaborg* var reistur líttill timburviti árið 1897. Vitastígur dró nafn sitt af þessum vita en hann var lagður 1907.³⁹ *Frakkastígur* var nefndur eftir Franska spítalanum en sá hluti götunar sem er fyrir neðan Laugaveg var lagður um aldamótin 1900 og tilheyrði Skuggahverfinu.⁴⁰ *Vatnsstígur* er í Skuggahverfi og dró nafn sitt af *Móakotslind* sem var austan Vatnsstígs og norðan Lindargötu. Vegurinn var ruddur árið 1897 frá Laugavegi niður að Móakotslind sem var helsta vatnsból Skugghverfinga og var nýja gatan hugsuð til að auðvelda fólk í vatnsburð.⁴¹



Mynd 27. Kort frá 1902 sem sýnir Hverfisgötu á miðri mynd, hún náði þá frá Vatnsstíg og tæplega að Barónsstíg. Vestan við Vatnsstíg voru Kasthús, vestan við Klapparstíg voru Steinastaðablettir og við Smiðustíg var gömul byggð austan við túngarð Arnarhlóls sem gatan fór yfir þegar hún var lengd til vesturs og að lokum í gegnum tún Arnarhlóls að Lækjargötu.

Hverfisgata lengdist til austurs að Barónsstíg um 1902 en þá lá Barónsstígur frá Laugavegi til sjávar. *Barónsstígur* er kenndur við baróninn Á Hvítárvöllum sem byggði Barónsfjósið (Barónsstígur 4) árið 1899.⁴² Á árunum 1908–1910 var Hverfisgata síðan lengd áfram í austur yfir Elsumýrarbletti og yfir Rauðarárlæk að Laugavegi fyrir austan Hlemmtorg. Eftir Snorrabraut á þessu svæði lágu járnbrautarteinarnir frá Öskjuhlíð að Ingólfsgarði vegna uppbryggingar hafnarinnar 1913–1915.

³⁹ Páll Lindal, *Reykjavík: Sögustaður við Sund*, 3. bindi, bls. 174; Alfræði Reykjavíkur, Guðjón Friðriksson; Nikulás Úlfar Másson og Margrét Jónasdóttir, *Byggingarsaga; Laugavegsreitir*, bls. 3.

⁴⁰ Páll Lindal, *Reykjavík: Sögustaður við Sund*, 1. bindi, bls. 140.

⁴¹ Páll Lindal, *Reykjavík: Sögustaður við Sund*, 3. bindi, bls. 137; Alfræði Reykjavíkur, Guðjón Friðriksson.

⁴² Páll Lindal, *Reykjavík: Sögustaður við Sund*, 1. bindi, bls. 80.



Mynd 28. Hverfisgata, horft í vestur 1910. Barónsfjósið, Barónsstígur 4, hægra megin á myndinni og vitinn sem Vitastígur er kenndur við. Timburhúsaröðin við Hverfisgötu að norðan var Hverfisgata 87, 89, 91 og 93 sem stendur hér næst sem búið er að rífa. Að sunnan er Hverfisgata 94 sem líka er búið að rífa.⁴³



Mynd 29. Horft niður Barónsstíg um 1920, húsin til vinstri eru Laugavegur 79, Barónsstígur 14, 12 og 10, ofan við Hverfisgötu, Barónsstígur 4, gamla Barónsfjósið, norðan við Hverfisgötu. Engin byggð er þar fyrir austan en hvít girðing er þar sem Hverfisgatan var.⁴⁴

Í vestur var Hverfisgatan lengd frá Vatnsstíg að Klapparstíg eftir 1903, Klapparstígur var fyrst slóði sem kom samhliða því að býlin Skuggi og Klöpp voru reist austan túngarðs Arnarhóls. Tómthús-

⁴³ Ljósmyndasafn Reykjavíkur. FFF 60. Ljósmyndari ónafngreindur ferðamaður.

⁴⁴ Ljósmyndasafn Reykjavíkur. 2011 1 04. Ljósmyndari óþekktur.

bændur í Skuggahverfi sóttu í að nýta *Klapparvör* og fóru stíginn en hann var fyrst lagður 1879 og þá kallaður *Skuggahverfisvegur*. Árið 1883 var hann fyrst nefndur Klapparstígur. Árið 1887 náði Klapparstígur frá Laugavegi og norður að Klöpp en síðar var hann framlengdur upp að Skólavörðustíg.⁴⁵

Milli Vatnsstígs og Klapparstígs þar sem Hverfisgata kom var fyrir byggð sem nefndist *Kasthús* sem var þyrring sex tómthúsbýla sem risu upp úr 1850. Við lagningu Hverfisgötu þar í gegn raskaðist þessi byggð tölvert. Í götunni fyrir framan, þar sem nú er Hverfisgata 40, stóð áður *Reginubær* (7-227) en hann var einn af Kasthúsbæjunum, byggður um 1860 og stóð rétt fram yfir aldamótin 1900.⁴⁶ Norðan við var *Höltersbær* (7-200), hann var byggður 1848 og stóð til 1915.⁴⁷ Annað kot, Arnljótsbær, var torfbær sem stóð framan við Hverfisgötu 45, reistur af Jóni Arnljótssyni 1879, rifinn um 1914 (7-201).⁴⁸



Mynd 30. Einn af Kasthúsbæjunum, Höltersbær sem vék fyrir Hverfisgötu árið 1915. Bak við er Hverfisgata 40, byggt 1904, sem var flutt síðar að Bergstaðastræti 36.

Fyrir vestan Klapparstíg að *Smiðjustíg* fór Hverfisgatan aftur yfir gamla byggð, þá yfir hluta af *Steinstaðablettum*, sjá mynd 27. *Smiðjustígur* liggar frá Laugavegi að Lindargötu. Gatan var nefnd *Steinstaðastígur* fram til 1887 en eftir það *Smiðjustígur*.⁴⁹ Við *Smiðjustíg* fór Hverfisgatan líklega yfir gömlu smiðju Einars snikkara (7-233), byggð úr torfi og var *Smiðjustígur* kenndur við hana, auk annarra eldri húsa eins og timburhús Einars (7-232) og torfbæinn *Traðarkot* (7-231). *Traðarkot* var reist af Jóni Guðmundssyni við enda *Arnarlóðstræði* um 1816. Síðar var nýr steinbær reistur um 1900 með sama nafni við eystra hornið á *Traðarkotssundi*. *Traðarkotssund* er gata eða sund milli Hverfisgötu, gegnt Þjóðleikhúsini, og upp á Laugaveg, fyrst nefnt þessu nafni árið 1914.⁵⁰ *Arnarlóðstræðir* (7-2) var elsta gatan út úr bænum og er enn sýnileg á Arnarhlóli. Öll þessi gamla byggð var austan við túngarð (7-190) Arnarhlóls.

⁴⁵ Guðjón Friðriksson, „Forðum tíð í Flosaporti“ *Lesbók Morgunblaðsins* 16. september 1989, bls. 4–5.

⁴⁶ Hanna Rósa Sveinsdóttir, *Byggingarsaga*, bls. 3.

⁴⁷ Guðjón Friðriksson, „Brennivínsbersekki og kotafólk“ *Lesbók Morgunblaðsins* 11. apríl 1989, bls. 4–5.

⁴⁸ *Alfræði Reykjavíkur*, Guðjón Friðriksson.

⁴⁹ *Alfræði Reykjavíkur*, Guðjón Friðriksson.

⁵⁰ *Alfræði Reykjavíkur*, Guðjón Friðriksson.

Nafnið *Ingólfssstræti* var ákveðið árið 1880 og átti þá við um götuna milli Bankastrætis og Spítalastígs en hún er kennd við Ingólf Arnarson landnámsmann. Árið 1915 var gatan framlengd að Hverfisgötu og síðar alveg að Skúlagötu.⁵¹

Árni Óla skrifaði um Hverfisgötu í Morgunblaðið 1968:

„Mun það hafa verið mjög á reiki hvað menn töldu að þessi gata þyrfti að vera breið, og hvað eftir annað var ákveðið að breikka hana. Ber hún sjálf minjar þessa enn, því að húsaröðin sunnan götunnar er öll stöllótt. Þetta er afsakanlegt, því að menn vissu ekki upphaflega hvort mikil umferð mundi verða um götuna, þar sem hún lokaðist sjálfkrafa við Arnarhólstún. En það tún fylgdi landshöfðingjaembættinu og mátti ekki hrófla við því. Það var því ekki fyrr en landshöfðingjaembættið lagðist niður, að Reykjavík fékk leyfi til þess að gera götur um túnið. Og þá var þegar hafist handa um að framlengja Hverfisgötu niður í miðbæ. Jafnhliða, og þó öllu fyrr, var gert ráð fyrir öðrum götum á þessu svæði, bæði samhliða Hverfisgötu og svo þvergötum frá Laugavegi niður að sjó.“⁵²



Mynd 31. Arnarhólstúníð 1882 áður en Hverfisgata er gerð. Lækjargata, Lækjartorg og Austurstræti. Landshöfðingjabrunnurinn (7-189) neðst til vinstri á myndinni (blá pila) auk steinhlaðinna garða og girðinga.⁵³

Eftir að heimild fékkst með lögum árið 1890 til að skerða tún landshöfðingjans (áður stiftamtmanns), Arnarhólstúníð, vegna gatnaframkvæmda var gatan framlengd niður að Hafnarstræti en það dróst til ársins 1906.⁵⁴ Arnarhóll þótti hið myndarlegasta býli þar til tukthúsið var reist syðst á Arnarhólstúninu á árunum 1759–1764. Ástæðurnar má rekja til þess að tekjur Arnarhóls voru lagðar til reksturs tukthússins og smám saman fengu einnig hinir ýmsu embættismenn tukthússins jörðina til eigin afnota. Arnarhólsbýlið var rifið árið 1828 í fegrunarátaki.⁵⁵

Innan túngarðs Arnarhóls er að finna minjar sem tilheyrdu gamla býlinu, Arnarhólstraðir lágu þvert yfir hólinn og sjást enn.⁵⁶ Upp með Hverfisgötu Arnarhólsmegin komu í ljós allmikil mannvistar�og í skurði, líklega er það öskuhaugur frá tukthúsinu og yngri minjar.⁵⁷ Við

⁵¹ Alfræði Reykjavíkur, Guðjón Friðriksson.

⁵² Árni Óla, *Lesbók Morgunblaðsins*, 9. júní 1968.

⁵³ Þjóðminjasafn Íslands. Lpr-449. Ljósmyndari Sigfús Eymundsson.

⁵⁴ Páll Líndal, *Reykjavík: Sögustaður við Sund*, 2. bindi, bls. 60–61.

⁵⁵ Páll Líndal, *Bæirnir byggjast*, bls. 152.

⁵⁶ Ragnar Edvardsson, *Arnarhóll, fornleifarannsókn 1993*, bls. 4.

⁵⁷ Bjarni F. Einarsson, *Arnarhóll, Greinargerð um jarðsjárkönnun og fornleifar á Arnarhól í Reykjavík*, bls. 5.

jarðsjármælingar árið 1993 komu í ljós veggjabrot við Hverfisgötuna (7-23, 24 og 25) auk þess sem á svipuðum slóðum var Landshöfðingjabrunnurinn (7-19).⁵⁸ Við Stjórnarráðshúsið fór fram fornleifarannsókn árið 2019–2020 og var þá sú lóð rannsókuð.⁵⁹

Eftir að Hverfisgata var lengd niður í gegnum tún Arnarhóls að Lækjargötu breyttist tölusetning húsa við götuna, áður fyrr voru hús við Hverfisgötu tölusett frá Smiðjustíg. Árið 1911 voru sett lög í Reykjavík um holræsi og gangstéttar og var fyrsta hellulagða gangstéttin lögð upp Hverfisgötuna 1909 en gatan hafði þótt ill yfirferðar.⁶⁰ Við framkvæmdir Reykjavíkurborgar í Hverfisgötu 2019 komu í ljós hleðslusteinir undir yfirborði götunnar framan við bílastæðahúsið Traðarkot (Hverfisgata 20), þeir tilheyrðu þessari gömlu gangstétt.⁶¹

Hverfisgata var auðvitað mun mjórri þegar hún var fyrst gerð upp úr aldamótum 1900. Nú hefur hún verið breikkuð í suður og hefur fjöldinn allur af húsum verið láttinn víkja vegna þessara breytinga. Í stað þeirra voru byggð hærri hús úr steini, sérstaklega sunnan við götuna.⁶²



Mynd 32. Neðsti hluti Hverfisgötu sumarið 1907, konungskoman, Friðrik VIII. og Hannes Hafstein ráðherra riða yfir steinbrú á Læknum. Hópur af reiðmönnum fylgir á eftir. Safnahúsið við Hverfisgötu í byggingu.⁶³

Fornleifar í Hverfisgötu og þvergötum hennar (Barónsstígur, Vitastígur, Frakkastígur, Vatnsstígur, Klapparstígur, Smiðjustígur og Ingólfssstræti) eru helst leifar af 55 húsum sem hafa verið rifin eða fjarlægð, mest sunnan megin við Hverfisgötu þegar gatan hefur verið breikkuð frá því

⁵⁸ Bjarni F. Einarsson, *Arnarhóll, Greinargerð um jarðsjárkönnun og fornleifar á Arnarhól í Reykjavík*, bls. 7; Anna Lísa Guðmundsdóttir o.fl., *Húsakönnun og fornleifaskráning vegna fyrirhugaðs tónlistar- og ráðstefnuhúss við Reykjavíkurböfn*, bls. 18.

⁵⁹ Vala Björg Garðarsdóttir og Hermann Jakob Hjartarson, *Stjórnarráðsreiturinn: Framkvæmdarupprörfur við Stjórnarráðshúsið 2019–2020*.


⁶⁰ Nikulás Úlfar Másson og Margrét Jónasdóttir, *Byggingarsaga, Laugavegsreitir*, bls. 3.

⁶¹ Hildur Gestsdóttir, *Hverfisgata 20: Framkvæmdarannsókn*, bls. 10.


⁶² Hanna Rósa Sveinsdóttir, *Byggingarsaga*, bls. 3.

⁶³ Ljósmyndasafn Reykjavíkur. ABS 1-509. Ljósmyndari Pétur Brynjólfsson.


um 1900. Búið er að endurnýja götuna að hluta, frá Snorrabraut og niður að Ingólfssstræti. Ekki er vitað hvað mikið af jarðvegi var skilið eftir þegar gatan var síðast endurnýjuð en vitað er að undirlag gangstéttar var ekki endurnýjað, þar gætu því leynst fornleifar. Elstu minjarnar er að finna þar sem Hverfisgata var lengd í vestur frá Vatnsstíg að Lækjargötu og í Smiðustíg, þar var elsta byggðin austan túngarðs Arnarholðs. Ekki er búið að endurnýja götuna frá Ingólfssstræti að Lækjargötu, þar eru norðan við götuna þekktar fornleifar sem tilheyrðu Arnarholðsbýlinu og tukthúsini auk brunns Landshöfðingjans (7-19) og veggjabrota (7-23, 24, og 25) sem komu í ljós við jarðsjárförnum.



Mynd 33. Skráðar fornleifar, mannvirki og yngri minjar á framkvæmdasvæði 140, Hverfisgata frá Snorrabraut að Vítastíg.



Mynd 34. Skráðar fornleifar, mannvirki og yngri minjar á framkvæmdasvæði 140, Hverfisgata frá Vitastíg að Klapparstíg.



Mynd 35. Skráðar fornleifar, mannvirki og yngri minjar á framkvæmdasvæði 140, Hverfisgata frá Klapparstíg að Lækjargötu.

Tafla 7. Minjar á framkvæmdasvæðinu Hverfisgata, Miðborg (140).

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
7-2	Arnarlóstraðir, gamli vegur	Traðir, sem götutroðningur	Gata	900– 1830	357269	408297	100	5	Sæmilegt	Nei
7-19	Ingólfssbrunnur, Landshöfðingjabrunnur, Vatnsból 3	Vatnsból	Heimild	1800	357224	408289	2	2	Ómetið	Að hluta
7-23	Arnarlóll	Veggur	Heimild	1800	357209	408297			Ómetið	Nei
7-24	Arnarlóll	Veggur	Heimild	1800	357226	408285			Ómetið	Nei
7-25	Arnarlóll	Veggur	Heimild	1800	357231	408287			Ómetið	Nei
7-30	Arnarlóll	Kofi, óþ. hlutv.	Heimild	1836– 1882	357211	408271	2,5	2	Ómetið	Að mestu
7-31	Arnarlóll	Kofi, óþ. hlutv.	Heimild	1800– 1836	357224	408295			Ómetið	Nei
7-35	Arnarlóll	Troðningur, stígur	Heimild	1801– 1850	357183	408280	60	2	Ómetið	Já
7-45	Hverfisgata 85	Hús	Heimild	1901	357878	407949			Ómetið	Að hluta
7-46	Hverfisgata 87	Hús	Heimild	1905	357895	407942	6	4	Ómetið	Já
7-47	Hverfisgata 89	Hús	Heimild	1903	357907	407935			Ómetið	Já
7-48	Hverfisgata 91	Hús	Heimild	1903	357924	407926			Ómetið	Já
7-49	Hverfisgata 93	Hús	Heimild	1902	357939	407919			Ómetið	Já
7-75	Barónsstígur 12	Hús	Heimild	1914	357954	407864	10	7,3	Ómetið	Já
7-76	Barónsstígur 10	Hús	Heimild	1916	357959	407873	10	7,5	Ómetið	Já
7-80	Hverfisgata 96	Íbúðarhús	Heimild	1906– 1999	357942	407891	7,6	6,8	Ómetið	Já
7-81	Hverfisgata 94a	Íbúðarhús	Heimild	1903	357923	407884	11,6	6,4	Ómetið	Að hluta
7-82	Hverfisgata 94	Timburhús	Heimild	1903	357929	407902			Ómetið	Að hluta
7-83	Hverfisgata 92	Íbúðarhús	Heimild	1904	407910	357914			Ómetið	Að hluta
7-84	Hverfisgata 90	Timburhús	Heimild	1902	357905	407920			Ómetið	Að hluta
7-85	Hverfisgata 88	Timburhús	Heimild	1902	357891	407927			Ómetið	Að hluta
7-86	Hverfisgata 86	Timburhús	Heimild	1904	357875	407932			Ómetið	Að hluta
7-106	Tukthúslóðin	Girðing	Heimild	1876– 1887	357172	408277	27	1,5	Ómetið	Já
7-120	Traðarkot	Steinbær	Heimild	1895– 1960	357359	408187			Ómetið	Já
7-188	Hverfisgata frá Ingólfss- stræti að Lækjargötu	Vegur	Vegur	1895– 1906	408286	357200			Gott	Nei
7-189	Ingólfssstræti	Gata, í þéttbýli	Gata, vegur	1915	357277	408226			Gott	Nei
7-190	Túngeður Arnarlóls	Túngeður	Heimild	1500	357367	408211			Ómetið	Að hluta
7-191	Smiðjustígur 5a	Hús	Heimild	1904	357393	408163			Ómetið	Að hluta
7-192	Smiðjustígur 5b	Íbúðarhús	Heimild	1901– 1960	357397	408169			Ómetið	Að hluta
7-193	Smiðjustígur 4	Íbúðarhús	Heimild	1884– 1929	357387	408137			Ómetið	Að hluta



7-194	Smiðjustígur 6	Íbúðarhús	Heimild	1881	357403	408156			Ómetið	Að hluta
7-195	Steinstaðastígur, Smiðjustígur	Gata, í þéttbýli	Vegur	1787	357403	408166			Ómetið	Að hluta
7-196	Steinstaðablettur	Torfhús	Heimild	1876	357472	408151			Ómetið	Að hluta
7-197	Steinstaðablettur 1	Torfbær, sem íbúðarhús	Heimild	1786	357459	408167			Ómetið	Að hluta
7-198	Kasthús, Hlíð	Torfbær, sem íbúðarhús	Heimild	1850	357517	408129			Ómetið	Að hluta
7-199	Klapparstígur 26	Íbúðarhús	Heimild	1902	357476	408136			Ómetið	Að hluta
7-200	Hverfisgata 41	Torfhús	Heimild	1848– 1915	357528	408124			Ómetið	Að hluta
7-201	Hlíð, Hverfisgata 45	Steinbær	Heimild	1902	357553	357553			Ómetið	Að hluta
7-202	Hraunprýði, Hverfisgata 52	Steinbær	Heimild	1898	357601	408073			Ómetið	Að hluta
7-203	Steinbær, Hverfisgata 54	Steinbær	Heimild	1897– 1925	357622	408063			Ómetið	Að hluta
7-204	Hverfisgata 56	Steinbær	Heimild	1902	357640	408054			Ómetið	Að hluta
7-205	Hverfisgata 58	Steinbær	Heimild	1898	357656	408046			Ómetið	Að hluta
7-206	Hverfisgata 58 b	Steinbær	Heimild	1900	357672	408038			Ómetið	Að hluta
7-207	Hverfisgata 60	Steinbær	Heimild	1899– 1962	357685	408032			Ómetið	Að hluta
7-208	Hverfisgata 64	Timburhús	Heimild	1898	357705	408022			Ómetið	Að hluta
7-209	Hverfisgata 66	Timburhús	Heimild	1901	357721	408013			Ómetið	Að hluta
7-210	Hverfisgata 68	Timburhús	Heimild	1900	357734	408006			Ómetið	Að hluta
7-211	Hverfisgata 70	Íbúðarhús	Heimild	1901	357745	408000			Ómetið	Að hluta
7-212	Hverfisgata 72	Steinbær	Heimild	1901	357763	407991			Ómetið	Að hluta
7-213	Hverfisgata 74	Timburhús	Heimild	1904	357775	407985			Ómetið	Að hluta
7-214	Hverfisgata 76	Timburhús	Heimild	1901	357788	407978			Ómetið	Að hluta
7-215	Hverfisgata 78	Íbúðarhús	Heimild	1902	357802	407971			Ómetið	Að hluta
7-216	Hverfisgata 80	Íbúðarhús	Heimild	1903	357819	407964			Ómetið	Að hluta
7-217	Hverfisgata 82	Íbúðarhús	Heimild	1903	357840	407953			Ómetið	Að hluta
7-218	Klapparstígur	Vegur	Vegur	1879	357490	408155			Ómetið	Að hluta
7-219	Vatnsstígur	Vegur	Vegur	1897	357589	408068			Ómetið	Að hluta
7-220	Frakkastígur	Vegur	Vegur	1903	357703	408045			Ómetið	Að hluta
7-221	Vitastígur	Vegur	Vegur	1907	408045	407939			Ómetið	Að hluta
7-222	Barónsstígur	Vegur	Vegur	1889	357985	407896			Ómetið	Að hluta
7-223	Kasthús	Steinbær	Heimild	1895– 1905	357498	408145			Ómetið	Já

7-225	Járnbrautin í Reykjavík	Járnbrautarteinn	Heimild	1913–1917	358105	407823			Ómetið	Já
7-226	Hverfisgata 58b	Íbúðarhús	Heimild	1906	357963	408057			Ómetið	Að hluta
7-227	Hverfisgata 40	Íbúðarhús	Heimild	1904–1979	357513	408118			Ómetið	Að hluta
7-228	Hverfisgata 46	Íbúðarhús	Heimild	1918–1963	357555	408099			Ómetið	Að hluta
7-230	Hverfisgata 23	Íbúðarhús	Heimild	1906–1994	357398	408195			Ómetið	Að hluta
7-231	Traðarkot, torfbær við Hverfigötu 19	Torfbær, sem íbúðarhús	Heimild	1816–1895	408202	408202			Ómetið	Já
7-232	Timburhús við Smiðjustíg	Timburhús	Heimild	1876	357405	408181			Ómetið	Já
7-233	Torfhús	Torfhús	Heimild	1878	357411	408176			Ómetið	Já
7-234	Traðarkotssund	Vegur	Gata	1914	357353	408193			Ómetið	Nei
7-235	Smiðjustígur 7	Íbúðarhús	Heimild	1900	357409	408188			Ómetið	Að hluta
7-236	Smiðjustígur 9	Íbúðarhús	Heimild	1898	357419	408199			Ómetið	Að hluta
7-237	Hverfisgata frá Barónsstíg að Ingólfssstræti	Vegur	Vegur	1898	357967	407895			Slæmt	Að hluta
7-238	Jarðsjármæling	Veggur	Veggur	1992	357215	408290			Ómetið	Nei

Hverfisgata hefur verið endurnýjuð síðustu ár og hefur þá líklega mikið af minjum farið forgörðum, ekki er ljóst hvort hluti af húsum leynist þó undir gangstéttum. Öll þessi hús eru hér skráð svo hægt sé að líta eftir þessum minjum þegar til framkvæmda kemur.

4.4.3 Lækjargata

Fornleifaskráin nær yfir skráðar fornleifar og mannvirki sem skráð eru undir jörðina Arnarhól og Reykjavík á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði Borgarlínu frá gatnamótum Hverfisgötu, Kalkofnsvegar og Lækjargötu að Fríkirkjuvegi.

4.4.3.1 Lækjargata, staðhættir, minjar og örnefni


Það svæði sem hér er skoðað er Lækjargata sem nær yfir lítinn hluta af jörðum Arnarhóls og Reykjavíkur. Þekkt örnefni í nágrenninu voru skráð og minjar færðar inn á mynd 50. Helstu minjum á svæðinu er lýst hér lauslega.

Arnarhólslækur eða *Lækurinn* hefur frá fornu fari verið afrennsli *Tjarnarinnar* en talið er að Víkurbændur hafi jafnvel dregið skip sín upp eftir Læknunum og notað Tjörnina sem skipalægi um veturn.⁶⁴ Lækurinn kom úr norðausturhorni Tjarnarinnar, hlykkjaðist meðfram landi hjáleigunnar *Stöðlakots* og síðan rann hann á landamerkjum Arnarhóls og Reykjavíkur til sjávar, ósinn var rétt vestan við *Arnarhólsklett*. Lækurinn var þá um 330 metra langur. Viðast var hann ekki nema um 3,5 m á breidd en um miðju var hann miklu breiðari og fram undan Stöðlakotslandi nyrst (þar sem nú er lóðin Bankastræti 2) var dálítill hólmi í honum, grasi gróinn. Á austurbakkanum voru grænar myrkennendar flatir fyrir neðan túnin og höfðu bændur þar slægjur.⁶⁵ Aðalleiðin í bæinn lá þá um *Arnarhólstraðir* og yfir lækinn hjá lækjarósnum. Lækurinn var oft illur yfirferðar en var brúaður fyrir 1800. Leiðin um Arnarhólstraðir lagðist af upp úr 1830 og færðist þjóðvegurinn þá yfir í Bakarabrekkuna (nú Bankastræti) og Laugaveg. Þá hafði stiftamtmaður afnot af landi Arnarhóls og vildi ekki hafa umferðina í gegnum túnið hjá sér. Bústaður stiftamtmanns var þá í gamla tukthúsinu

⁶⁴ *Tjörnin, Saga og lífríki*. Ólafur Karl Nielsen ritstjóri, bls. 43.

⁶⁵ Arni Óla, *Reykjavík fyrri tíma*, 2. bindi, bls. 128.

sem í dag hýsir Stjórnarráðið. Við þessa færslu á veginum var fyrst sett trébrú, *Lestamannabréu*, á Lækinn fram af Bakarabrekku árið 1835. Árið 1866 var svo hlaðinn voldug steinbogabréu, nefnd *Bakarabréu* (5-797). Lækurinn brúaður í þriðja sinn á þessum stað þegar honum var lokað og var þá brúin steypt, sjá mynd 45.



Mynd 36. Hluti af korti frá 1801 sem sýnir byggðina, vegina og túngarða í Reykjavík og Arnarhóli. Þar er Dómkirkjan merkt nr. 1 rauðlituð, Smiðshús merkt nr. 2 grænlitað og núverandi Stjórnarráðið merkt nr. 3 rauðlitað. Lækurinn liðast frá Tjörninni til sjávar og breiðir úr sér neðan við þar sem síðar kom Bankastræti. Á þessu korti má sjá fjórar brýr yfir Lækinn. Húsin við sjóinn merkt frá nr. 4-20 voru þar sem síðar kom Hafnarstræti.⁶⁶

Lækjargata dregur nafn sitt af Læknum. Samþykkt var á borgarafundi árið 1839 að ljúka við veg til suðurs frá Austurstræti að *Stöðlakotsbrú* sem var þar yfir lækinn til móts við þann stað þar sem *Bókhlöðustígur* er nú. Árið 1848 var þeim vegarspotta gefið nafnið *Lækjargata*.⁶⁷

⁶⁶ Borgarsögusafn Reykjavíkur. Kortasafn: Kort Ohlsen Aanums frá árinu 1801.

⁶⁷ Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson, *Kvosin*, bls. 56-59; Árni Óla, „Nafngiftir gatna“, bls. 336; Páll Líndal, *Reykjavík: Sögustaður við Sund*, 2. bindi, bls. 149-150.



Mynd 37. Horft inn Hafnarstræti árið 1899. Til hægri er Hafnarstræti 23 Siemsenhúsið og viðbygging við lækinn. Veglegur afgirtur garður var fyrir framan Siemsenhúsið, þar sem síðar var gatan. Vestar hinum megin við götuna var Hafnarstræti 22.



Mynd 38. Lækurinn fyrir 1894, grjótið í hleðslunni er tilhöggið og sjást þrjár steinaraðir. Brúin yfir lækinn er vönduð göngubrú yfir á lóð Landshöfðingjabústaðarins (Stjórnarráðsins). Fjær er Siemsenhús, Hafnarstræti 23, en Kalkofnsvegur var austan við Lækinn.⁶⁸

⁶⁸ Ljósmyndasafn Reykjavíkur. 2011 1 25. Ljósmyndari Sigfús Eymundsson, 1894.



Mynd 39. Horft niður Bakarabrekkuna (Bankastræti) og vestur Austurstræti um 1881. Lóðirnar eru afmarkaðar með grjótgörðum og girðingum, vinstra megin er brunnur, Bakarapóstur (7-53), með timburhlera og vatnshana. Yfir lækinn er Bakarabruin (5-797), steinhlaðin með járnhandriðum.⁶⁹ Í Austurstræti má sjá Gullræsið, skólpræsi sem lá frá Aðalstræti og í Lækinn.



Mynd 40. Lækjargata til norðurs um 1900, fremst á myndinni er Lækjargata 10a, síðan 10, 8, 6, 4 og 2 við hornið á Austurstræti. Siemsenhús, Hafnarstræti 23, ofarlega til hægri. Brýrnar yfir Lækinn eru Lindabru, sem rétt sér í til vinstri. Stöðlakotsbrú til móts við Lækjargötum 10a og síðan Skólabru, önnur af tveimur brúum sem voru steinhlaðnar, fjær er Gunnlaugsenbrú og Bakarabru.⁷⁰

⁶⁹ Ljósmyndasafn Reykjavíkur. 2001 21 4. Ljósmyndari Sigfús Eymundsson, um 1881.

⁷⁰ Ljósmyndasafn Reykjavíkur. GOE 015b. Ljósmyndari Guðmundur Ó. Eiríksson, 1898–1900.

Árið 1852 samþykkti bæjarstjórn að láta hlaða upp farveg lækarins að neðanverðu. Var það gert á næstum árum. Voru bakkarnir hlaðnir úr hnullungagrjóti, nema fram undan Kóngsgarði þar sem nú er Stjórnaráðið. Þar voru þeir hlaðnir úr tilhöggnu grjóti. Samhliða þessum framkvæmdum var sú kvöð lögð á þá sem áttu heima í Lækjargötu að þeir settu hver fyrir sig laglegar grindur meðfram læknum og héldu þeim við. Var þetta gert til þess að afstýra því að menn hrösuðu ofan í lækinn í myrkri. Lítið var um viðhald og grotnuðu grindurnar niður og brotnuðu. Árið eftir konungskomuna 1874 voru lækjarbakkarnir hlaðnir upp frá Skólabrú suður að Tjörn og árið eftir var Lækjargata lengd að Tjörninni.⁷¹

Læknum var lokað árið 1913 og hurfu þá þær brýr sem áður höfðu prýtt götuna. Gatan var síðan breikkuð um tvær akreinar í austur árið 1949 og varð gatan þá einskonar breiðstræti. Lækjargötu götu hefur einna mest verið breytt af öllum í Reykjavík en húsakostur hefur þó haldist þar betur en víðast hvar annars staðar.⁷²



Mynd 41. Lækjargata, horft í suður. Lækjargata 2–14 til hægri. Lækjargata var fyrst öll vestan við Lækinn. Myndin er tekin af Bakarabréu 1907–1912.⁷³

⁷¹ Árni Óla, *Reykjavík fyrri tíma*, 2. bindi, bls. 134–135.

⁷² Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson, *Kvosin*, bls. 56–59; Árni Óla, „Nafngiftir gatna“, bls. 336; Páll Lindal, *Reykjavík: Sögustaður við Sund*, 2. bindi, bls. 149–150.

⁷³ Ljósmyndasafn Reykjavíkur. MAÓ 20. Ljósmyndari Magnús Ólafsson.



Mynd 42. Horft suður Fríkirkjuveg. Nær er ísbryggjan (5-819) og fjær er inntakið fyrir afrennsli Tjarnarinnar (5-847), afmarkað með járnhandriði.⁷⁴



Mynd 43. Við Tjörnina, inntakið fyrir Lækinn (5-847). Nýleg hellulögn en gamla handriði.

⁷⁴ Ljósmyndasafn Reykjavíkur. VIG 2928 002 3-2 Ljósmyndari Sigurhans Vignir.



Mynd 44. Ísbryggjan (5-819) við Tjörnina, þarna var ísinn dreginn upp á hestvögnum og fluttur í íshúsið.



Mynd 45. Framkvæmdir við Bankastræti og Lækjargötu árið 2003. Steypta bogamannvirkið leysti steinhlöðnu brínna (5-797) af hólmi, líklegast þegar læknum var lokað.⁷⁵

Kalkofnsvegur var upphaflega götuspotti meðfram Læknum að austan frá Hafnarstræti að Kalkofninum en hann var reistur 1876 skammt vestan við Lækjarósinn. Núverandi Kalkofnsvegur, sem fyrst er nefndur 1903, tekur við af Lækjargötu og liggur að Skúlagötu. Vegurinn er kenndur við Kalkofninn.⁷⁶ *Bankastræti*, gata sem gengur upp frá Lækjargötu og endar við gatnamót Laugavegs og

⁷⁵ Mynd fengin hjá Garðari Guðmundssyni fornleifafræðingi sem var með fornleifaftirlit á framkvæmdinni.

⁷⁶ Páll Lindal, *Reykjavík: Sögustaður við Sund*, 2. bindi, bls. 82.

Skólavörðustígs, hét áður *Bakarabrekka* eftir brauðgerðarhúsi sem var þar í brekkunni og var síðar nefnt Bernhöftsbakarí. Í brekkunni var eitt helsta vatnsból Reykjavíkur fyrir daga vatnsveitu, nefnt *Bakarabrunnur*, *Bakarapóstur* eða *Bernhöftspóstur* (7-53).⁷⁷ Brunnur þessi kom í ljós við framkvæmdir árið 2013, sjá mynd 46. Eftir að Landsbanki Íslands tók til starfa í húsi nr. 3 við götuna árið 1886 þótti við hæfi að kalla hana Bankastræti.⁷⁸ Við Lækinn var svo steinhlaðin brú, *Bakarísbrú* (5-797).



Mynd 46. Horft niður Bankastrætið 2013. Steinhlaðinn brunnur sem var undir gangstéttinni, Bakarapóstur (7-53).⁷⁹

Amtmannstígur liggur á milli Lækjargötu og Ingólfssstrætis. Gatan dregur nafn sitt af Amtmannshúsini sem stóð við Ingólfssstræti 9 við enda Amtmannstígs.⁸⁰ *Bókhlöðustígur* dregur nafn sitt af bókhlöðu Menntaskólans í Reykjavík sem nefnd er *Íþaka*. Bygging Íþöku hófst árið 1866 og lauk árið eftir. Götunnar var fyrst getið í manntali árið 1889.⁸¹ Skólabrú er gata en upphaflega var Skólabrú nafn á brúnni yfir lækinn fyrir framan Menntaskólann í Reykjavík, gatan sem framhald af henni dregur nafn sitt af henni.⁸² *Vonarstræti* var fullgert árið 1906 með uppfyllingu út í Tjörnina, byrjað var á henni nokkuð fyrir aldamót. Götustæðið við norðurenda Tjarnarinnar var mjög illt yfirferðar vegna bleytu. Sökum þess hve langan tíma tók að fullgera götuna og því menn höfðu áhyggjur af því hvort myndi nokkurn tíma klárast hlaut hún nafnið *Vonarstræti*.⁸³

⁷⁷ Páll Líndal, *Reykjavík: Sögustaður við Sund*, 2. bindi, bls. 75–76.

⁷⁸ Guðjón Friðriksson, *Alfræði Reykjavíkur*.

⁷⁹ Mynd fengin hjá Garðari Guðmundssyni fornleifafræðingi sem var með fornleifaeftirlit á framkvæmdinni.

⁸⁰ Páll Líndal, *Reykjavík: Sögustaður við Sund*, 1. bindi, bls. 24.

⁸¹ Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir, *Húsakönnun, Mæðragarðurinn og Tjörnin í Reykjavík. Bókhlöðustígur – Laufásvegur – Skálholtsstígur – Frikirkjuvegur – Skothúsvegur – Tjarnargata – Vonarstræti – Lækjargata*, bls. 8.

⁸² Páll Líndal, *Reykjavík: Sögustaður við Sund*, 3. bindi, bls. 53.


⁸³ Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir, *Húsakönnun, Mæðragarðurinn og Tjörnin í Reykjavík. Bókhlöðustígur – Laufásvegur – Skálholtsstígur – Frikirkjuvegur – Skothúsvegur – Tjarnargata – Vonarstræti – Lækjargata*, bls. 9.

Nú er ljóst að elsta byggð í Reykjavík hefur verið bæði vestan við Lækinn og í Aðalstræti. Samhliða framkvæmdum hafa farið fram fornleifarannsóknir við Lækjargötu á eftirtöldum svæðum.

- *Fornleifauppgröftur á lóðum Austurstrætis 22 og Lækjargötu 2.* Mjöll Snæsdóttir og Oddgeir Hansson, Fornleifastofnun Íslands, 2009.
- *Könnun mannvistarleifa austan Lækjar. Borkjarnarannsókn sem fram fór í Mæðragarðinum, á túni fyrir framan Menntaskóla Reykjavíkur og Bakarabrekkunni.* Lísabet Guðmundsdóttir, Fornleifastofnun Íslands, 2016.
- *Fornleifarannsókn í Skólabrú í Reykjavík.* Lísabet Guðmundsdóttir, Fornleifastofnun Íslands og Borgarsögusafn Reykjavíkur, 2017.
- *Fornleifarannsókn á lóð Lækjargötu 12, Reykjavík, svæði A.* Lísabet Guðmundsdóttir, Fornleifastofnun Íslands, 2018.

Helstu niðurstöður þessara rannsókna eru að á lóðinni Lækjargötu 12 kom í ljós skáli ásamt öðrum byggingum frá tíundu og 11. öld. Eins og gengur og gerist í rannsóknum í péttbýli var skálanum raskað vegna nútímaframkvæmda og vantaði þar á meðal norðurhluta hans. Langeldur var nyrst í varðveitta hluta skálans og þar sem eldstæði í skálum eru iðulega í miðri byggingu var ljóst að norðurhluti skálans gæti hafa náð inn undir eða jafnvel þvert yfir Skólabrú.⁸⁴ Rannsóknir í Skólabrú leiddu í ljós að þar voru mannvistarlagr frá landnámi, jafnvel fyrir landnám, til 21. aldar.⁸⁵

Búast má því við minjum frá elsta tíma og fram á 20. öld í Lækjargötu frá Vonarstræti norður fyrir Skólabrú.



Mynd 47. Áætlað minjasvæði í Lækjargötu frá Vonarstræti að Skólabrú. Inn á lóð Lækjargötu 10 má sjá leifar af skála sem var grafið upp árið 2015.⁸⁶

⁸⁴ Lísabet Guðmundsdóttir, *Fornleifarannsókn á lóð Lækjargötu 12, Reykjavík, svæði A*, bls. 37.

⁸⁵ Lísabet Guðmundsdóttir, *Fornleifarannsókn í Skólabrú í Reykjavík*, bls. 18.


⁸⁶ Lísabet Guðmundsdóttir, *Fornleifarannsókn í Skólabrú, Reykjavík*, bls. 19.



Mynd 48. Uppgröftur á landnámsminjum á lóðinni Lækjargötu 12, svæði A. Horft er yfir skálarústina af þaki Lækjargötu 12, fremst er fjósið, meginrými og eldstæðið fjarst.⁸⁷

⁸⁷ Lísabet Guðmundsdóttir, Fornleifarannsókn á lóð Lækjargötu 12 Reykjavík, svæði A, forsíða.

Rannsóknir austan við Lækinn í gamla túni Stöðlakots þar sem nú er Bakarabrekkan og lóð Menntaskólans í Reykjavík leiddi í ljós torfleifar beggja vegna við Amtmannstíg og norðan við Bókhlöðustíg. Það gefur til kynna að þar hafi verið eldri byggð.⁸⁸




Mynd 49. Teikning af túninu fyrir framan MR. Niðurstöður borkjarnarannsóknarinnar hefur verið sett fram á lituðu svæðunum. Ruslalög eru blá og eru aðallega ofarlega í túninu. Syðst og nyrst var að finna torflög sem eru mögulega byggingarleifar.⁸⁹

Helstu fornleifar í Lækjargötu og þvergötum hennar (Hafnarstræti, Austurstræti, Bankastræti, Amtmannsstíg, Skólabrú, Bókhlöðustíg og Vonarstræti) er að finna í Lækjargötunni sjálfri. Lækurinn (5-799), ekki er ljóst hvað er mikið eftir af hleðslum sem tilheyra honum en líklega er hann nokkuð heill frá Lækjargötu 2 að Tjörn. Við Tjörnina er inntakið fyrir Lækinn (5-847) og gamla ísbryggjan (5-819) sem eru einu minjarnar sem enn eru sýnilegar á yfirborði. Í jörðu má búast við gömlum minjum og hugsanlega frá landnámi í Vonarstræti og við Lækjargötu að vestan norður fyrir Skólabrú og jafnvel norðar, auk þess eru landnámsminjar þekktar í Skólabrú. Lækjargata var breikkuð um tvær akreinar í austur á árunum 1948–1949 þar eru líklega engar minjar, en leifar af gamalli byggð var að finna beggja vegna Amtmannstígs og norðan megin við Bókhlöðustíg. Búið er að endurnýja Bankastræti og Austurstræti/Lækjartorg við Lækjargötu að Kalkofnsvegi, þar gætu þó leynt minjar undir gangstéttum ýmsir brunnar og vatnsból eins og Zimsenbrunnur (5-50), Smithsbrunnur (5-51), Bakaríspóstur (7-53), Vatnsból (7-67), Thomsenbrunnur (5-107), og Skólabrunnur (5-148).

⁸⁸ Lísabet Guðmundsdóttir, *Könnun mannvistarleifa austan Lækjar. Borkjarnarannsókn sem framför í Mæðragarðinum, á túni fyrir framan Menntaskóla Reykjavíkur og Bakarabrekkunni*, bls. 12.

⁸⁹ Lísabet Guðmundsdóttir, *Könnun mannvistarleifa austan Lækjar. Borkjarnarannsókn sem framför í Mæðragarðinum, á túni fyrir framan Menntaskóla Reykjavíkur og Bakarabrekkunni*, bls. 12.



Mynd 50. Skráðar fornleifar, mannvirki og yngri minjar á framkvæmdasvæði 140, Lækjargata frá Kalkofnsvegi að Fríkirkjuvegi með þvergötum.



Tafla 8. Minjar á framkvæmdasvæðinu Lækjargata, Miðborg (140).

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISBN93	Hnit Y ISBN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
5-50	Zimsenpóstur	Vatnsból	Heimild	1902	357150	408308	2	2	Ómetið	Að hluta
5-51	Smithsbrunnur	Vatnsból	Heimild	1902	357115	408188	2	2	Ómetið	Að hluta
5-85	Verslunarhús Sivertsen, Smjörhúsið	Hús	Heimild	1797– 1977	357137	408318	8	16	Ómetið	Að hluta
5-107	Thomsenbrunnur	Vatnsból	Heimild	1887	357120	408275	2	2	Ómetið	Að hluta
5-108		Pakkhus	Heimild	1887	357189	408340	6	4	Ómetið	Já
5-148	Skólabrunnur	Vatnsból	Heimild	1902	357074	408167	2	2	Ómetið	Að hluta
5-468	Verslun Daniel Isaachsen	Timburhús, verslunarhús	Heimild	1792– 1810	357164	408327	11	7,5	Ómetið	Já
5-539	Siemsenhúsið Hafnarstræti 23	Verslun, íbúðarhús	Heimild	1874– 1973	357172	408337	23,5	8,2	Ómetið	Já
5-540	Siemsen, viðbygging	Íbúðarhús	Heimild	1881– 1973	357184	408336	9	4,6	Ómetið	Já
5-785	Vonarstræti	Gata, í þéttbýli	Gata	1906	356879	408152			Ómetið	Nei
5-786	Lækjargata 12	Fornleifarannsókn	Heimild	2015	356995	408110			Ómetið	Já
5-787	Lækjargata 10 Lækjarkot	Fornleifarannsókn	Heimild	1000	357008	408129			Ómetið	Já
5-797	Bakarabréu	Brú	Heimild	1835	357116	408251	3,2	6	Ómetið	Já
5-798	Inntak Lækjarins úr Tjörninni	Inntakstrekt	Hleðsla	1912	356958	408041			Gott	Nei
5-799	Lækurinn	Skólpræsi	Hleðsla	1876	408056	408056			Ómetið	Nei
5-816	Smíðahús, Vonarstræti 2	Smíðahús	Heimild	1902– 1967	356972	408107	9,5	5	Ómetið	Já
5-817	Lækjargata 12a og b	Íbúðarhús	Heimild	1902– 1962	356986	408101	20	8	Ómetið	Já
5-819	Ísbryggjan	Bryggja	Bryggja	1900	356957	408056	4	4	Gott	Nei
5-820	Lindarbréu	Brú	Heimild	1900	356994	408087	3	1	Ómetið	Já
5-821	Skólabréu	Brú	Heimild	1845– 1912	357015	408116	5	3	Ómetið	Að mestu
5-822	Stöðlakotsbréu	Brú	Heimild	1900	357015	408115	3	1	Ómetið	Já
5-823	Gunnlaugsenbréu	Brú	Heimild	1838	357063	408182	3	1	Ómetið	Já
5-824	Pósthússtræti 16, Lækjargata 10b	Hús	Heimild	1820	357003	408120	7	3	Ómetið	Já
5-825	Lækjargata 10a	Geymsluhús	Heimild	1898– 1977	408135	408135	9,5	7	Ómetið	Já
5-827	Lækjargata 6	Íbúðarhús	Heimild	1865– 1907	357054	408188	14	7	Ómetið	Já
5-828	Lækjargata 4	Íbúðarhús	Heimild	1852– 1988	357073	408212	21	7,6	Ómetið	Já
5-829	Lækjargata 2	Íbúðarhús	Heimild	1852– 2007	357098	408246	29,7	8,3	Ómetið	Já
5-830	Bókhlöðustígur	Gata, í þéttbýli	Gata	1889	357044	408099			Gott	Nei
5-833	Lækjargata	Gata, í þéttbýli	Gata	1839	357096	408233			Gott	Nei
5-835	Amtmannsstígur	Gata, í þéttbýli	Gata	1879	357095	408165			Gott	Nei
5-844	Skólabréu	Gata, í þéttbýli	Gata	1836	357017	408166			Gott	Nei

5-845	Pósthusstræti 17	Íbúðarhús	Heimild	1836	357014	408173	10,5	4,3	Ómetið	Að hluta
5-846	Skólabréu 1	Hús	Heimild	1902	357022	408170	8,7	5,5	Ómetið	Að hluta
5-847	Barnaskólabréu	Brú	Heimild	1898–1912	356960	408044	3	1	Ómetið	Já
7-38	Markasteinn	Landamerki	Heimild	1850	357119	408234			Ómetið	Já
7-39		Smiðja	Heimild	1760	357145	408225	5	5	Ómetið	Að hluta
7-53	Bakaríspóstur	Vatnsból	Heimild	1885	357136	408233	2,1	1,7	Ómetið	Að hluta
7-67	Brunnur, Bankastræti	Brunnur	Heimild	1902	357126	408232	2,6	2,3	Ómetið	Að hluta
7-93	Tukthúslóðin	Torfhús	Heimild	1787–1801	357156	408236	5	4	Ómetið	Já
7-94	Tukthúslóðin	Túngarður	Heimild	1787	357188	408218	200	2	Ómetið	Já
7-95	Tukthúslóðin	Kálgarður	Heimild	1787	357156	408249	25	20	Ómetið	Já
7-101	Lækjargata	Brú	Heimild	1828–1912	357139	408279	12	3	Ómetið	Já
7-106	Tukthúslóðin	Girðing, f. garða	Heimild	1876–1887	357172	408277	27	1,5	Ómetið	Já
7-180	Bakarabrekka, Bankastræti	Gata, í þéttbýli	Gata	1830	357132	408242			Gott	Nei

4.4.4 Fríkirkjuvegur – Skothúsvegur

Fornleifaskráin nær yfir skráðar fornleifar og mannvirki sem skráð eru undir jörðina Reykjavík á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði Borgarlínu eftir Fríkirkjuvegi að Skothúsvegi og eftir Skothúsvegi að Suðurgötu.

4.4.4.1 Staðhættir, minjar og örnefni

Fríkirkjuvegur var lagður á árunum 1903–1906, fyrst með Miðbæjarskólanum og svo áfram með Tjörninni að *Skothúsvegi* eða Hljómskálanum, gatan dregur nafn sitt af Fríkirkjunni sem var reist 1903. Tún Skálholtskots með Tjarnarbakkanum og fyrir vestan Laufásveg að Tjörninni nefndist *Útnorðurvöllur*.⁹⁰ Í því risu húsin við Fríkirkjuveg. Vegurinn var lagður með Tjarnarbakkanum (5-834) samhliða því að tjarnarbakkinn var hlaðinn upp. *Sóleyjargata* var lögð í framhaldi af Fríkirkjuvegi í suður að Njarðargötu fyrir 1930.

Skálholtsstígur, dregur nafn sitt af hjáleigunni *Skálholtskoti* sem stóð um það bil þar sem götustæðið er nú milli Laufásvegar 13 og 17. *Laufásvegur* var upphaflega götuslóði að *Skálholtskoti*. Ekki er vitað hvenær byggð hófst í *Skálholtskoti* en árið 1703 var þar talinn einn ábúandi og fjórir heimilismenn.⁹¹ Skálholtsstígs var fyrst getið í manntali árið 1890 og hefur gatan því líklega verið frá þeim tíma milli Laufásvegar og Ingólfsstræti en seinna eða um 1920 er *Skálholtsstígur* lengdur frá Laufásvegi að Fríkirkjuvegi.



Mynd 51. Fríkirkjuvegur og Skothúsvegur árið 1927. Til hægri er, hús Thor Jensen Fríkirkjuvegur 11, Kvennaskólinn Fríkirkjuvegur 9, Herðubreið (íshúsið) Fríkirkjuvegur 7 og Fríkirkjan. Myndin er tekin úr Hljómskálanum.⁹²

Grunnurinn að *Skothúsvegi* er líklega stígur eða slóði sem lá frá *Skothúsinu* (byggt 1867) niður að skotskífunni sem var á tanga úti í Tjörninni. Skotæfingar voru stundaðar þar. Á korti frá 1902 eru komin drög að þessum vegi sunnan við tún *Melkots*. Skothúsvegur var lagður frá Suðurgötu meðfram Skothúsinu og í stefnu á skotskífuna, áfram yfir Tjörnina á uppfyllingu og brú. Þannig skiptir hann Tjörninni í tvennt, *Norður-Tjörn* og *Suður-Tjörn*, á austurbakkanum hélt Skothúsvegur áfram upp á Laufásveg. Uppfyllingarnar fyrir veginn voru komnar um 1911 en það dróst til 1918–1919 að koma

⁹⁰ Guðjón Friðriksson, *Alfræði Reykjavíkur*.

⁹¹ Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns, III. bindi, bls. 266.

⁹² Ljósmyndasafn Reykjavíkur. MAÓ 2512. Ljósmyndari Magnús Ólafsson.

brúnni fyrir.⁹³ Talið er að fyllingin undir Skothúsvegi hafi verði gerð úr sorpi og öðrum úrgangi. Gatan dregur nafnið af Skothúsinu sem var við Suðurgötu 35.⁹⁴

Tjarnargata dregur nafn sitt af Reykjavíkurtjörn en nafnið var formlega tekið upp 1848. Götunnar var fyrst getið í manntali árið 1855.⁹⁵ Tjarnargata var lengd að Skothúsvegi 1906–1910.



Mynd 52. Tjörnin í Reykjavík. Fjær er Barnaskóli Reykjavíkur, Fríkirkjuvegur 3, Fríkirkjan og Þingholtin. Fríkirkjuvegur er þarna kominn áleidis suður fyrir Fríkirkjuna. Í forgrunni er upphlaðin varða, Skotvarðan sem skotskífa var hengd á, grunnur af annarri er á tanganum í tjörninni. Skothúsvegur var lagður yfir þessar vörður.⁹⁶



Mynd 53. Skothúsvegur 1919 yfir Tjörnina, til hægri er Fríkirkjuvegur en við Skothúsveg að vestan er íshúsið Ísbjörninn og Skothúsið við Suðurgötu. Önnur hús að vestan eru við Tjarnargötu og Suðurgötu, fjær er Landakot.⁹⁷

⁹³ Vísir. 5. apríl 1918.

⁹⁴ Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir, *Húsakönnun, Mæðragarðurinn og Tjörnin í Reykjavík. Bókhlöðustígur – Laufásvegur – Skálholtsstígur – Fríkirkjuvegur – Skothúsvegur – Tjarnargata – Vonarstræti – Lækjargata*, bls. 7.

⁹⁵ Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir, *Húsakönnun, Mæðragarðurinn og Tjörnin í Reykjavík. Bókhlöðustígur – Laufásvegur – Skálholtsstígur – Fríkirkjuvegur – Skothúsvegur – Tjarnargata – Vonarstræti – Lækjargata*, bls. 9.

⁹⁶ Ljósmyndasafn Reykjavíkur. MAÓ 935. Ljósmyndari Magnús Ólafsson.

⁹⁷ Ljósmyndasafn Reykjavíkur. MAÓ 987. Ljósmyndari Magnús Ólafsson.




Mynd 54. Tjarnarbakkinn við Fríkirkjuveg horft í suður. Ekki er ljós hvar gamli Tjarnarbakkinn (5-834) var en líklega þar sem ytri bakkinn er.

Helstu fornleifar á Fríkirkjuvegi og Skothúsvegi og þvergötum þeirra (Skálholtsstíg, Tjarnargötu og Bjarkargötu) eru Fríkirkjuvegurinn (5-832) sem er lagður innan túns Skálholtskots, auk Tjarnarbakkans (5-834) sem var hlaðinn samhliða götunni. Ekki er ljóst hvað er búið að endurhlaða bakkann oft en eldri hleðslur gætu leynst undir. Aðrar minjar eru vatnsbólið Hannesarbaejarhola (5-146) og hugsanlega ummerki eftir steinhlaðnar vörður sem báru uppi skotskífurnar á Skothúsveginum (5-66 og 5-67). Enn aðrar minjar eru hugsanlegar leifar af geymsluhúsnæði (5-781) við Ísbjörninn og grunnur Skothússins (5-65) á lóð Suðurgötu 35.



Mynd 55. Skráðar fornleifar, mannvirki og yngri minjar á framkvæmdasvæði 140, Fríkirkjuvegur og Skothúsvegur með þvergötum.



Mynd 56. Skráðar fornleifar, mannvirki og yngri minjar á framkvæmdasvæði 140, Fríkirkjuvegur og Skothúsvegur að Suðurgötu með þvergötum.

Tafla 9. Minjar á framkvæmdasvæðinu Fríkirkjuvegur – Skothúsvegur, Miðborg (140).

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
5-65	Skothúsið	Skothús, íþróttamannvirki	Heimild	1887– 1930	356585	407843	7	5	Ómetið	Að hluta
5-66	Skotvarða	Íþróttamannvirki	Heimild	1887– 1930	356681	407816	3	3	Ómetið	Að hluta
5-67	Skotvarða	Íþróttamannvirki	Heimild	1887– 1902	356770	407801	2	2	Ómetið	Að hluta
5-146	Hannesarbæjar- hola	Vatnsból	Heimild	1870	356927	407783	1	1	Ómetið	Að hluta
5-147	Vatnsból 13	Vatnsból	Heimild	1899	356969	407962	1	1	Ómetið	Að hluta
5-780	Skothúsvegur	Vegur	Gata	1911	356622	407827			Gott	Nei
5-781	Geymsluskúr	Geymsla	Heimild	1908– 1957	356693	407822	15	3,2	Ómetið	Að hluta
5-782	Tjarnarbrúin	Brú	Brú, Heimild	1919– 1940	356838	407787	18	15	Gott	Nei
5-783	Tjarnargata	Gata, í þéttbýli	Vegur	1904	356631	407849			Gott	Nei
5-832	Fríkirkjuvegur	Vegur	Vegur	1903	356945	407940			Gott	Nei
5-834	Tjarnarbakkinn	Hleðsla	Hleðsla	1906	356913	407846	268	2	Gott	Nei

4.4.5 Suðurgata – Vonarstræti (140)

Fornleifaskráin nær yfir skráðar fornleifar og mannvirki sem skráð eru undir jörðina Reykjavík á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði Borgarlínu frá gatnamótum Lækjargötu og Vonarstrætis að Suðurgötu og eftir Suðurgötu að Skothúsvegi.

4.4.5.1 Staðhættir, minjar og örnefni

Suðurgata liggur frá Túngötu og suður að Skerjafirði. Hún er vafalítið meðal elstu gatna Reykjavíkur. Ætla má að jafnvel frá fyrstu öldum byggðar í Reykjavík hafi legið stígur á þessum slóðum suður í *Vatnsmýrina* sem var nytjuð. Einnig hefur þarna legið leið suður í *Skildinganes* og gæti nafnið verið dregið af því.⁹⁸ Bessastaðamenn munu jafnan hafa farið þá leið því þeir styttu sér leið yfir Skerjafjörð enda landleiðin torfær, yfir úfiðhraun að fara og læki sem skyndilega gátu vaxið verulega. Um stíginn hefur einnig verið leið að *Hólakoti* sem var nokkru ofan við Suðurgötu 16, *Melshúsi* sem stóð fyrir ofan veginn, nú í *Hólavallagarði*, og að *Melkot* sem var við enda *Tjarnarbrekkunnar* þar sem nú er baklóð Ráðherrabúðstaðarins að Tjarnargötu 32. Melkot var á 18. öld byggð úr landi Melshúsa, bærinn var rifinn 1915.⁹⁹



Mynd 57. Horft yfir Tjörnina 1900–1910 að Tjarnarbrekkunni og húsunum sem stóðu við Suðurgötu. Frá vinstri er Skothúsið, Melkot, Líkhúsið í Hólavallakirkjugarðinum, Melshús og Hólakot. Í forgrunni er götuljós og Barnaskólabrú sem var byggð 1889 efst yfir Lækinn.¹⁰⁰



Mynd 58. Melkot við Suðurgötu 1880–1890. Ferðamenn á ferð, bæði sér í tveggja bursta torfhúsið og timburhúsið sem var norðan við.¹⁰¹

⁹⁸ Páll Líndal, *Reykjavík: Sögustaður við Sund*, 3. bindi, bls. 94–95.

⁹⁹ Páll Líndal, *Reykjavík: Sögustaður við Sund*, 2. bindi, bls. 168–169.

¹⁰⁰ Ljósmyndasafn Reykjavíkur. 1997-126 01. Ljósmyndari Árni Thorsteinsson.

¹⁰¹ Ljósmyndasafn Reykjavíkur. EFT 1369. Ljósmyndari óþekktur.

Eftir að farið var að jarðsetja í kirkjugarðinum við Suðurgötu um 1840 var tekið að kalla stíginn *Kirkjugarðsstíg*, *Likhúsastíg*, *Kirkjugarðsstræti* eða *Kærlighedsstíg* í gamni vegna gönguferða ungs fólks um stíginn. Um 1880 var Suðurgötunafnið tekið upp.¹⁰² Þegar kaupstaðarlóðin var mæld upp og teiknuð 1787 er Suðurgata merkt inn sem vegur og náði hann aðeins suður fyrir Melkot, líklega hefur svo slóði legið áfram.¹⁰³ Á korti Sveins Sveinsonar 1887 er Suðurgata orðin breiður vegur frá Túngötu að Glímuvelli, sem var þar sem nú er Þjóðarbókhlaðan, en sunnar var hún merkt sem slóði.¹⁰⁴



Mynd 59. Horft yfir norðurenda Tjarnarinnar 1881 eða 1882. Fyllt var seinna upp í Tjarnarendann og Vonarstræti var lagt þar yfir. Lengst til hægri er Waagehúsið og tvö úтиhús, norðar er Lækjarkot, torfbær þar sem síðar var Lækjargata 10–12. Sunnan við Dómkirkjuna var Smíðahús Jakobs Sveinsonar (5-815), einlyst á háum kjallara (Strýtan) sem stóð þar sem nú er eystra horn Templarasunds og Vonarstrætis. Vestan við Tjörnina til hægri er Brunnhús (5-81) og annað timburhús sem ekki er vitað hvað hétt. Norðar var síðan íbúðarhús Björns Hjaltesteds járnsmiðs, Suðurgata 7.¹⁰⁵



Mynd 60. Séð yfir miðbæ Reykjavíkur árið 1917. Suðurgata til vinstri frá Túngötu, Suðurgata 5 og 7 hægra megin við götuna. Fyrir miðju er bakhlið Herkastala Hjálpræðishersins við Kirkjustræti, austan við hann er Tjarnargata, vestari endi Vonarstrætis liggur á milli Suðurgötu 5 og 7. Á horni Tjarnargötu og Vonarstrætis er Tjarnargata 5b (5-804), tvílyft hús hægra megin á myndinni.¹⁰⁶

¹⁰² Páll Líndal, *Reykjavík: Sögustaður við Sund*, 3. bindi, bls. 94–95.

¹⁰³ *Borgarsögusafn Reykjavíkur*. Kortasafn: Kaupstaðarlóðin 1787 eftir Rasmus Lievog.

¹⁰⁴ *Borgarsögusafn Reykjavíkur*. Kortasafn: Korti Sveins Sveinsonar 1887.

¹⁰⁵ *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. ÁBS 10 024 b. Ljósmyndari óþekktur.


¹⁰⁶ *Ljósmyndasafn Reykjavíkur*. MAÓ 195. Ljósmyndari Magnús Ólafsson.

Tjarnargata dregur nafn sitt af Reykjavíkurtjörn en nafnið var formlega tekið upp 1848. Götunnar var fyrst getið í manntali árið 1855.¹⁰⁷ Tjarnargata var lengd yfir Vonarstræti að Skothúsvegi 1906–1910. *Vonarstræti* var fullgert árið 1906 með uppfyllingu út í Tjörnina, byrjað var á henni nokkuð fyrir aldamót. Götustæði við norðurenda Tjarnarinnar var mjög illt yfirferðar vegna bleytu. Sökum þess hve langan tíma tók að fullgera götuna og því menn höfðu áhyggjur af því hvort hún myndi nokkurn tíma klárast hlaut hún nafnið Vonarstræti.¹⁰⁸

Á því svæði sem er austan við Suðurgötu frá Túngötu að Tjarnargötu og austan við Tjarnargötu eru þekktar minjar frá landnámstíð. Fornleifarannsóknir, fornleifaskráningar og jarðsjármælingar hafa verið gerðar á svæðinu og þær sem koma hér við sögu eru:

- Kristín H. Sigurðardóttir, *Fornleifarannsóknir á lóðinni Suðurgötu 7 í Reykjavík*, 1985.
- Elsa Nordahl, *Reykjavík from the archaeological point of view*. Rannsókn á lóðunum Suðurgata 3–5, Aðalstræti 12 og 16, 1988.
- Anna Lísa Guðmundsdóttir, *Fornleifar í Suðurgötu frá Melatorgi að Túngötu í Vonarstræti frá Suðurgötu að Tjarnargötu, í Túngötu frá Suðurgötu að Garðastræti og næsta nágrenni*, 2004.
- Óskar G. Sveinbjörnsson, *Fornleifauppgröftur í Tjarnarbíói*, Reykjavík, 2009.
- Vala Garðarsdóttir, *Alþingisreiturinn: Fornleifauppgröftur á Alþingisreit 2008–2010*.
- Anna Lísa Guðmundsdóttir, Sverrir Snævar Jónsson, *Fornleifaskráning og jarðsjármælingar í miðbæ Reykjavíkur*, 2012.

Allar þessar rannsóknir gefa til kynna að í Suðurgötu frá Túngötu að Suðurgötu 16 og í Vonarstræti frá Suðurgötu og austur fyrir Vonarstræti 10, sé að finna fornleifar frá elstu tíð eða frá upphafi *Vikurbæjarins*.




Mynd 61. Hluti af korti Lievogs sem sýnir kaupstaðarlóðina, inni í rauða ferhyrningnum er Reykjavíkurbærinn, blá píla bendir á Suðurgötu.¹⁰⁹

¹⁰⁷ Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir, *Húsakönnun, Mæðragarðurinn og Tjörnin í Reykjavík. Bókhlöðustígur – Laufásvegur – Skálholtsstígur – Fríkirkjuvegur – Skothúsvegur – Tjarnargata – Vonarstræti – Lækjargata*, bls. 9.

¹⁰⁸ Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir, *Húsakönnun, Mæðragarðurinn og Tjörnin í Reykjavík. Bókhlöðustígur – Laufásvegur – Skálholtsstígur – Fríkirkjuvegur – Skothúsvegur – Tjarnargata – Vonarstræti – Lækjargata*, bls. 9.

¹⁰⁹ Borgarsögusafn Reykjavíkur. Kortasafn: Kaupstaðarlóðin 1787 eftir Rasmus Lievog.



Mynd 62. Myndin sýnir hvor á svæðinu megi búast við minjum samkvæmt gömlum kortum og rannsóknum á gatnamótum Tjarnargötu og Vonarstrætis.¹¹⁰



Mynd 63. Fornleifarannsókn á lóð Alþingis 2009, landnámslagið í torfi.¹¹¹


¹¹⁰ Anna Lísa Guðmundsdóttir, *Fornleifaskráning og jarðsjármælingar í miðbæ Reykjavíkur*, bls. 13.

¹¹¹ Myndasafn Fornleifadeildar Borgarsögusafni. Ljósmyndari Anna Lísa Guðmundsdóttir.




Mynd 64. Fornleifafræðingar og nemar vinna við rannsóknir á fornleifum á lóð Alþingis 2009.¹¹²

Helstu fornleifar í Suðurgötu og Vonarstræti og þvergötum þeirra (Templarasund, Tjarnargata og Kirkjugarðsstígur) er að finna í Suðurgötu frá Túngötu að Suðurgötu 16, á lóðinni Suðurgötu 3–5, á lóð Suðurgötu 7 og við Tjarnarbíó (Tjarnargötu 10) auk minja frá Brunnhúsi (5-81) og Grundvighúsi/Anikuhúsi (5-79). Í Vonarstræti er að finna minjar í götunni frá Suðurgötu 5 og austur fyrir Vonarstræti 10 og svo aftur frá Templarasundi að Lækjargötu, fornleifar á þessu svæði eru frá elstu tíð. Aðrar minjar sunnar við Suðurgötu eru leifar Melkots (5-76, 5-77 og 5-78) auk Hólavallagarðs (5-63).



Mynd 65. Skráðar fornleifar, mannvirki og yngri minjar á framkvæmdasvæði, Suðurgata, Vonarstræti og þvergötur þeirra.

¹¹² Myndasafn Fornleifadeildar Borgarsögusafni. Ljósmyndari Anna Lísa Guðmundsdóttir.



Mynd 66. Skráðar fornleifar, mannvirkni og yngri minjar á framkvæmdasvæði, Suðurgata, Vonarstræti og þvergötur þeirra.

Tafla 10. Minjar á framkvæmdasvæði Suðurgata - Vonarstræti.


Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
5-40	Hesthús	Torfhús	Heimild	1759	356806	408203	6	6	Ómetið	Að hluta
5-55	Suðurgata	Gata	Vegur	1787	356777	408220			Sæmilegt	Að hluta
5-56	Melshús	Hjáleiga	Heimild	1703– 1905	356631	408031	10	10	Ómetið	Að hluta
5-63	Hólavallagarður, kirkjugarður við Suðurgötu	Kirkjugarður	Kirkju- garður	1838– 2023	356591	407944	237	140	Gott	Nei
5-76	Melkot	Hjallur	Heimild	1886	356601	407902	5	5	Ómetið	Að hluta
5-77	Melkot	Torfbær	Heimild	1880– 1905	356616	407929	14	10	Ómetið	Að hluta
5-78	Melkot	Timburhús	Heimild	1800– 1905	356621	407937	15	4	Ómetið	Að hluta
5-79	Grundtvighús, Anikuhús	Timburhús	Heimild	1845– 1912	356735	408136	10	6	Ómetið	Að hluta
5-80	Suðurgata 11	Brunnur	Brunnur	1835	356746	408151	1	1	Ómetið	Að hluta
5-81	Brunnhús, Suðurgata 11	Timburhús	Heimild	1835– 1913	356749	408156	12	5	Ómetið	Að hluta
5-137	Ráðhús Reykjavíkur, Vonarstræti 12	Fornleifa- rannsókn	Heimild	1992	356810	408160			Ómetið	Já
5-138	Suðurgata	Fornleifa- rannsókn	Heimild	1999	356782	408220			Ómetið	Nei
5-139	Suðurgata	Fornleifa- rannsókn	Heimild	2004	356762	408190			Ómetið	Nei
5-490										
5-491	Suðurbær	Torfhús	Heimild	1806– 1868	356806	408199	11,5	7	Ómetið	Nei
5-784	Suðurgata 3–5	Fornleifarannsókn	Heimild	870	356793	408210			Ómetið	Nei
5-785	Vonarstræti	Gata,	Gata	1906	356879	408152			Ómetið	Nei
5-786	Lækjargata 10– 12	Fornleifa- rannsókn	Heimild	2015	356995	408110			Ómetið	Já
5-788	Suðurgata 7, Teitsbær	Íbúðarhús	Heimild	1833	356777	408201	12	8	Ómetið	Já
5-804	Tjarnargata 5b	Íbúðarhús	Heimild	1820	356822	408197	9,5	8,5	Ómetið	Já
5-807	Tjarnargata 11	Íbúðarhús	Heimild	1898– 1906	356805	408185	7,5	7,5	Ómetið	Að hluta
5-808	Báran, Vonarstræti 11	Félagsheimili	Heimild	1894– 1945	356835	408169	23	12	Ómetið	Að mestu
5-809	Suðurgata 7 og Tjarnargata 10	Íbúðarhús	Heimild	1902– 1934	356792	408194	9,6	6	Ómetið	Já
5-812	Alþingisreitur	Fornleifa- rannsókn	Heimild	2008– 2013	356830	408192			Ómetið	Já
5-813	Vonarstræti	Renna	Heimild	1902	356786	408204	70	0,6	Ómetið	Að mestu
5-815	Smíðahús og Vonarstræti 4	Verkstæði	Heimild	1878	356944	408126	30	10	Ómetið	Að mestu
5-816	Smíða- og geymsluhús, Vonarstræti 2	Smíðahús	Heimild	1902– 1967	356972	408107	9,5	5	Ómetið	Já
5-817	Lækjargata 12a og b	Íbúðarhús	Heimild	1902– 1967	356986	408101	20	8	Ómetið	Já

4.5 Háskóli Íslands – BSÍ (150)

Fornleifaskráin nær yfir skráðar fornleifar og mannvirki sem skráð eru undir jörðina Reykjavík á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði Borgarlínu: Suðurgata frá gatnamótum Skothúsvegar að Melatorgi og áfram eftir Suðurgötu að Sturlugötu, eftir Sturlugötu að Njarðargötu og eftir henni að Hringbraut.

4.5.1 Staðhættir, minjar og örnefni

Um aldamótin 1900 lá Suðurgata frá Túngötu að Skothúsvegi og áfram eftir *Skildinganesmelum* frá *Hólavallagarði* og suður í Skildinganes. Skildinganesmelar var víðfeðmir og lágu frá kirkjugarðinum við Suðurgötu í vestur og suður að *Skildinganeshólum* og áfram í austur að Öskjuhlíð. Á svæðinu vestan við Suðurgötu sunnan við kirkjugarðinn voru Skildinganesmelar síðar nefndir *Melar* og *Suðurgata* þá *Melavegur* suður að *Pormóðsstæðavegi* og *Reykjavíkurvegi*.¹¹³ Elsta byggðin á þessu svæði er húsið *Valhöll*, Suðurgata 39, byggt 1916 og *Loftskeytastöðin* byggð 1918. Glímuvöllur (5-68) var nyrst þar sem síðar reis Melavöllurinn 1928. Háskólasvæðið byggist svo upp eftir 1940. *Sturlugata* er í Háskólahverfinu, kennd við Sturlu Þórðarson, lögmann og sagnaritara. Sturlugata liggur austur í *Vatnsmýrina*, þar var stunginn mór og urðu þá til djúpar mógrafir sem fylltust af vatni. Vegir voru lagðir að bestu mótküstöðunum til að auðvelda flutninginn á mónum, einn slíkan gerðu Egill Jónsson bókbindari og Björn Hjaltested járnsmiður nefndur *Móvegur*.¹¹⁴ *Njarðargata* er kennd við Njörð í Nóatúni sem m.a. er sagt frá í Snorra Eddu. Nafn götunar var samþykkt árið 1919. Gatan nær frá Eiríksgötu að Þorfinnsgötu og er nyrðri hluti hennar elstur en Njarðargata sem kemur hér við sögu var gerð upp úr 1940 og liggur um Vatnsmýrinu. Í Vatnsmýrinni voru *Vatnsmýrarblettir*, erfðafestulönd sem úthlutað var í lok 19. aldar til ræktunar og búrekstrar með ákveðnum skilmálum.¹¹⁵



Mynd 67. Hluti af korti frá 1902 sem sýnir byggð, helstu veginn, ræktað land, myðrar og mela, framkvæmdasvæði Borgarlínu varpað yfir.¹¹⁶

¹¹³ Borgarsögusafn Reykjavíkur. Kortasafn: Benedikt Gröndal og Sveinn Sveinsson, Reykjavík 1887; Nágrenni Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, kort Landmælingadeilda Herforingjaráðs 1902. Sjá, <https://skjalasafn.reykjavik.is/fotoweb/>; Guðlaugur R. Guðmundsson, „Lýsing Skildinganesjarðar,“ bls. 44;

¹¹⁴ Þórunn Valdimarsdóttir, *Sveitin við Sundin*, bls. 226.

¹¹⁵ Þórunn Valdimarsdóttir, *Sveitin við Sundin*, bls. 106.

¹¹⁶ Landmælingar Íslands. Nágrenni Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, kort Landmælingadeilda Herforingjaráðs 1902. Merkingar og örnefni Anna Lísa Guðmundsdóttir.




Mynd 68. Suðurgata um 1925, horft í norður. Til hægri er hliðið að Suðurgötu 39 (Valhöll). Litla timburhúsið sem sést til hægri er Skothúsið, Suðurgata 35. Timburhúsið lengst til hægri er Tjarnargata 40. Fjær sést Tjarnargata 38 og enn fjær eru Tjarnargata 34 og Ráðherrabústaðurinn, Tjarnargata 32. Til vinstrí er Kirkjugarðurinn við Suðurgötu, Hólavallagarður.




Mynd 69. Horft eftir Suðurgötu í suður. Loftskeytastöðin við Suðurgötu nú Brynjólfsgata 5. Við loftskeytastöðina voru tvö 77 m há móstur.¹¹⁷

Fornleifar á leggnum Háskóli Íslands – BSÍ (150) eru Glímuvöllur (5-68), Móvegur í Vatnsmýri (5-103), skúr á lóð Suðurgötu 39 (5-779), bygging við Loftskeytastöðina (5-779) og Sandvíkurvegur (5-806). Liklegt er að allar þessar minjar séu horfnar vegna framkvæmda.

¹¹⁷ Ljósmyndasafn Reykjavíkur. EYH 004 064 1-1. Eyjólfur Halldórsson, 1950–1955.



Mynd 70. Skráðar fornleifar, mannvirki og yngri minjar á framkvæmdasvæði Háskóli Íslands – BSÍ (150).



Mynd 71. Skráðar fornleifar, mannvirki og yngri minjar á framkvæmdasvæðinu Háskóli Íslands – BSÍ (150).

Tafla 11. Minjar á framkvæmdasvæði Háskóli Íslands – BSÍ (150).


Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Lengd m	Breidd m	Ástand	Horfin
5-5	Suðurgata	Gata, í þéttbýli	Vegur	1787	356546	407825			Ómetið	Já
5-68	Glímuvöllur	Íþróttavöllur	Heimild	1887	356473	407729			Ómetið	Já
5-103	Móvegur	Troðningur	Heimild	1872	356712	407150			Ómetið	Já
5-427	Öskustígur	Vegur	Heimild	1930	357139	406901			Gott	Að hluta
5-776	Njarðargata	Vegur	Vegur	1919	356864	407259			Gott	Nei
5-778	Suðurgata 39	Skúr	Heimild	1917	356540	407789	12	11	Gott	Já
5-805	Melavöllur	Íþróttavöllur	Heimild	1928– 1984	356489	407767	260	100	Ómetið	Já
5-806	Sandvíkurvegur	Vegur	Heimild	1905	356482	407838			Ómetið	Já
5-796	Vatnsmýri	Mógröf	Heimild	1902	356690	407111			Ómetið	Já

4.6 Vatnsmýri – Fossvogur (160)

Fornleifaskráin nær yfir skráðar fornleifar og mannvirki sem skráð eru undir jörðina Reykjavík og Skildinganes á fyrirhuguðu framkvæmdasvæði Borgarlínu frá Njarðargötu yfir svæði það sem er á milli Hringbrautar og gömlu Hringbrautar að Snorrabraut, í suður eftir gömlu Flugvallarbraut að Nauthólsvegi, eftir honum að Nauthól og áfram að þeim stað þar sem fyrirhuguð brú kemur á land á uppfyllingu við Grófarhjalla.

4.6.1 Staðhættir, minjar og örnefni


Landið sem framkvæmdasvæðið Vatnsmýri – Fossvogur (160) er á tilheyrði áður jörðunum Reykjavík og Skildinganesi. Landið einkenndist af mýrum og áður var þetta mótkusvæði, beitar- og ræktarland. Leiðin liggur um *Vatnsmýrina* þar sem eitt af bestu mótkusvæðunum (5-101) var á síðari hluta 19. aldar. Austar voru *Aldamótagarðar* (5-105) sem voru fyrstu garðlönd Reykvíkinga, gerðir upp úr aldamótunum 1900. Um svæðið hafði þá *Laufásvegur* (5-752) verið framlengdur að *Hafnarfjarðarvegi* en þessi vegur fær síðar nafnið *Vatnsmýrarvegur* þegar Hringbraut er gerð um 1925.¹¹⁸ Við *Vatnsmýrarveg* (áður Laufásveg) byggðust upp smábýli, svonefnd erfðafestubýli.



Mynd 72. Hluti úr korti Sveins Sveinssonar frá 1887 varpað á grunn í Borgarvefsjá. Rauðir kassar eru mógrafrírar í Vatnsmýri, skráðar á númer (5-101).¹¹⁹

¹¹⁸ Páll Líndal, *Reykjavík: Sögustaðir við Sund*, bindi 2, bls. 113; Pál Líndal, *Reykjavík: Sögustaðir við Sund*, bindi 3, bls. 136.

¹¹⁹ Borgarsögusafn Reykjavíkur. Kortasafn: Kort Sveins Sveinssonar frá 1887, kortavinnsla Anna Lísa Guðmundsdóttir.



Mynd 73. Framkvæmdaleið Borgarlínu varpað á kort frá 1902. Kortið sýnir byggð, helstu veki, ræktað land, myrar og mela, ásamt bæjarhóli Nauthóls við Nauthólvík sem er til hægri neðarlega á kortinu.¹²⁰

Þar sem leið Borgarlínunnar beygir í suður við Snorrabraut var áður *Hafnarsmiðjan* (5-506), viðgerðarverkstæði fyrir járnbrautir og vagna sem fluttu grjót úr Öskuhlíð að Reykjavíkurhöfn.

¹²⁰ Landmælingar Íslands. Nágrenni Reykjavíkur og Hafnarfjarðar, kort Landmælingadeildar Herforingjaráðs 1902. Merkingar og örnefi Anna Lísa Guðmundsdóttir.



Sunnar voru *Pólarnir* (5-213), bráðabirgðabyggingar fyrir húsnæðislaust fólk reist á árunum 1916–1918.



Mynd 74. Hafnarsmiðjan, verkstæði og birgðastöð fyrir eimreiðirnar. Myndin er tekin um 1946 þegar Hafnarsmiðjan var verkstæði á vegum Reykjavíkurhafnar.¹²¹



Mynd 75. Pólarnir við Vatnsmýrarveg. Stóripóll eða Austurpóll er tvílyfta húsið og Efripóll er til vinstri, í miðjunni má sjá kamra.¹²²



Mynd 76. Erfðafestubýlið Haukaland, Vatnsmýrarblettur 18, við Öskjuhlíð.¹²³

¹²¹ Ljósmyndasafn Reykjavíkur. 1997 171 46. Ljósmyndari ókunnur.

¹²² Ljósmyndasafn Reykjavíkur. KAN 002 122-1-2. Ljósmyndari Karl Christian Nilsen.

¹²³ Ljósmyndasafn Reykjavíkur. 1997 171 46. Ljósmyndari ókunnur, 1935–1940.



Mynd 77. Vatnstankur (220-118) sunnan við Nauthólsveg 87, grasi gróinn. Horft í suðvestur

Leiðin liggur síðan að mestu eftir vegi sem hét *Flugvallarbraut*, ein af aðalleiðum inn að flugvellinum á sínum tíma þegar hann var byggður upp. Þar sem *Flugvallarbraut* og núverandi *Flugvallarvegur* skerast var áður erfðafestubýlið *Haukaland*, Vatnsmýrarblettur 18 (5-413). Rétt sunnar yfir þar sem brautarteinar járnbrautarinnar (5-679) lágu frá grjótnámunni í Öskjuhlíð í vestur að Grandagarði. Leiðin liggur svo áfram eftir Nauthólsvegi, þar voru herbúðir (5-186) og eru ýmsar braggaleifar. Einn grasi gróinn vatnsgeymir (220-118) stendur þar og ætti að forðast að skemma hann.

Sunnar liggur leiðin vestan við friðað bæjarstæði Nauthóls sem kemur ekki við sögu hér nema vestan við það eru herminjar, skotgröf (220-196) sem er innan framkvæmdasvæðis og við Fossvog er skotþyrgi (220-117) sem er hverfisverndað en framkvæmdasvæðið nær inn fyrir verndarsvæði þess.




Mynd 78. Skotgröf (220-196) norðvestan við Nauthól, horft í vestur





Mynd 79. Skotbyrgi (220-117) á Kýrhamri, horft í suður yfir Fossvog. Framkvæmdasvæðið nær inn fyrir verndarsvæði skortbyrgisins.

Fornleifar á þessari leið eru líklega allar horfnar nema við Haukaland (5-413) á gatnamótum Hlíðarfótar og Nauthólsvegar þar gætu fornleifar leynt í jörðu. Aðrar minjar eru yngri minjar, herminjar, vatnstankur (220-118) og skotgröf (220-196) sem ætti að reyna að vernda en í Öskjuhlíð og við Nauthólvík eru helstu minjasvæði herminja í Reykjavík, við Fossvog fer framkvæmdasvæðið yfir 15 m verndarsvæði skotbyrgis (220-117) sem er hverfisverndað.



Mynd 80. Skráðar fornleifar, mannvirki og yngri minjar á framkvæmdasvæðinu Vatnsmýri – Fossvogur (160).





Mynd 82. Skráðar fornleifar, mannvirki og yngri minjar á framkvæmdasvæðinu Vatnsmýri – Fossvogur (160).

Tafla 12. Minjar á framkvæmdasvæðinu Vatnsmýri – Fossvogur (160).

Safnnr.	Sérheiti	Hlutverk	Tegund	Aldur	Hnit X ISN93	Hnit Y ISN93	Ástand	Horfin
5-101	Vatnsmýri	Mógröf	Heimild	1887	357237	407138	Ómetið	Já
5-102	Vatnsmýri	Vegur	Heimild	1887	357215	407094	Ómetið	Já
5-105	Aldamótagarðar	Garðrækt	Heimild	1900–1975	357359	407141	Ómetið	Já
5-177	Nauthólsvegur	Klæðageymsla	Heimild	1944–1990	357369	406350	Ómetið	Já
5-186	Nauthólsvegur 85	Herbúðir	Heimild	1944	357399	406245	Ómetið	Já
5-188	Camp Daniel Boone/Flugvallarkampur	Herbúðir	Heimild	1940–1965	357497	406748	Ómetið	Já
5-213	Pólarnir/Kálfakot	Íbúðahverfi	Heimild	1916–1960	357627	406976	Ómetið	Já
5-413	Haukaland, Vatnsmýrarblettur 18	Erfðafestu-býli	Heimild	1919–1941	357406	406557	Ómetið	Að hluta
5-413	Haukaland, Vatnsmýrarblettur 18	Erfðafestu-býli	Heimild	1919–1941	357434	406561	Ómetið	Að hluta
5-421	Gullholan	Borhola	Heimild	1904–1924	356818	406661	Ómetið	Já
5-506	Hafnarsmiðjan	Vélsmiðja, byggingin	Heimild	1913–1947	357723	407040	Ómetið	Já
5-554	Nauthólsvegur	Herminjar, braggi	Heimild	1940	357474	406491	Ómetið	Já
5-679	Járnbraut í Reykjavík	Vagnteinn, járnbraut	Heimild	1913–1928	357378	406432	Ómetið	Já
5-749	Flugvallarbraut	Gata, í péttbýli	Heimild	1940	357423	406528	Ómetið	Já
5-752	Laufásvegur – Vatnsmýrarvegur	Vegur	Heimild	1880–2020	357670	406968	Ómetið	Já
220-104	Nauthóll	Bæjarhóll	Bæjarhóll	1850–1902	357426	405536	Gott	Nei
220-115	Seljamýri	Mógröf	Heimild	1902	357379	405672	Ómetið	Já
220-117	Nauthólsvík	Skotbyrgi	Steypa	1940	357159	405313	Gott	Nei
220-118	Nauthólsvíkurvegur	Vatnsgeymir	Herminjar, steypa	1944	357385	406067	Gott	Nei
220-122	Matvöruverslun	Hús, herminjar	Heimild	1941–2009	357203	405525	Ómetið	Að hluta
220-125	Brancepeth Camp	Herbúðir	Heimild	1943–1954	357186	405471	Ómetið	Já
220-130	Nauthólsvegur	Herbúðir	Braggagrunnur	1941	357467	406049	Slæmt	Að hluta
220-131	Station Headquarters	Herbúðir	Heimild	1942	357345	405742	Ómetið	Já
220-144	Nauthólsvegur	Herbúðir	Braggagrunnur	1941	357409	406084	Slæmt	Já
220-155	Riffilæfingasvæði	Æfingasvæði, hernaðarlegt	Heimild	1943–1954	357171	405534	Ómetið	Já
220-196	Nauthóll	Skotgröf	Niðurgröftur	1940	357308	405563	Gott	Nei
220-199	Kýrhamar	Loftvarnarbyssa	Heimild	1942	357145	405352	Ómetið	Já
220-200	Veðurstofa	Veðurstofa	Braggagrunnur	1940–2005	357299	405710	Ómetið	Já

5. Niðurstöður, hættumat og mótvægisaðgerðir

Áætlað framkvæmdasvæði vegna Borgarlínu frá Ártúnshöfða að brú yfir Fossvog er um 14 km að lengd og yfirleitt 45 m á breidd.¹²⁴

Framkvæmdasvæðið liggur eftir landsvæði sem á öldum áður heyroi undir sex jarðir, Ártún, Klepp, Laugarnes, Rauðará, Reykjavík og Skildinganes og eru minjar á svæðinu skráðar undir þær. Minjastaðir eru alls 226, sjá fornleifaskrár jarðanna hér að framan.

Minjar á framkvæmdasvæðinu voru flokkaðar eftir aldri sem var áætlaður út frá útliti þeirra og heimildum sem vísað er til þar sem við á. Heildarfjöldi og aldursflokkun minja á svæðinu er sýnd í töflu 13. Elstu minjarnar eru fornleifar, 100 ára og eldri, í *rauðum flokki*. Þær eru friðaðar og hafa 15 m friðhelgað svæði. Þeim má enginn breyta, hylja eða raska. Yngri minjar voru flokkaðar í two flokka. Í *gulum flokki* eru minjar sem verða friðaðar fornleifar á næstu tíu árum. Í *grænum flokki* eru minjar frá því eftir 1935 sem teljast ekki til fornleifa. Herminjar eru flokkaðar sérstaklega og merktar *bláum lit*. Þær eru frá árunum 1940–1945 en sérstaklega er gætt að þeim minjum þar sem þær fara að verða fágætar.

Tafla 13. Aldursflokkun og fjöldi minja á framkvæmdasvæðinu.

Flokkur	Aldur minja	Litur flokks	Fjöldi minja
1	Fornleifar, minjar sem eru 100 ára eða eldri	● Rauður	195
2	Minjar frá 1925–1935	● Gulur	2
3	Minjar frá 1935 og yngri	● Grænn	9
4	Herminjar frá 1940 og yngri	● Blár	20
	Samtals		226

Hættumat var gert fyrir minjar á framkvæmdasvæðinu vegna þessarar tilteknu framkvæmdar út frá flokkun Minjastofnunar Íslands sem sett er fram í skráningarstöðlum fornleifa: *engin hætta*, *hætta*, *mikil hætta*.¹²⁵ Allar fornleifar, mannvirkir og yngri minjar á framkvæmdasvæðinu eru í raun í hættu vegna fyrirhugaðrar framkvæmdar. **Mikil hætta** er metin þar sem fornleifar eru innan framkvæmdasvæðis í gangstéttar- og götukassa. Þar er mikil hætta á að minjum verði raskað eða þær hverfi vegna framkvæmda, því ekki þarf mikil út af að bregða til að minjar verði fyrir röskun. **Hætta** er metin þar sem þekktar fornleifar eru utan núverandi götu/gangstéttar en innan næstu lóðar sem er tekið út sem framkvæmdasvæði. **Engin hætta** er metin þar sem minjar eru innan framkvæmdasvæðis en eru talðar horfnar.

Tafla 14. Hættumat vegna minja innan framkvæmdasvæðis Borgarlínu.

Hættumat	Minjar á framkvæmdasvæði	Áætlaðar mótvægisaðgerðir
Mikil hætta	Þekktar fornleifar eru innan framkvæmdasvæðisins.	Fornleifarannsókn, fornleifaeftirlit, girða af eða flytja.
Nokkur hætta	Þekktar fornleifar eru utan núverandi götu/gangstéttar en innan næstu lóðar sem er tekið út sem framkvæmdasvæði.	Fornleifaeftirlit.
Engin hætta	Minjar sem eru innan framkvæmdasvæðis en eru talðar horfnar.	Engar.

¹²⁴ Borgarlínan, Ártúnshöfði – Hamraborg: Tillaga að matsáætlun, bls. 15.

¹²⁵ Minjastofnun Íslands, Skráningarstaðlar fornleifa, 2013, bls. 26.

Tafla 15. Taflan sýnir hlutfallslegt hættumat minja.

Hættumat	Fjöldi minja	% af heild
Engin hætta	101	44%
Nokkur hætta	13	6%
Mikil hætta	113	50%
Samtals	226	100%

Mikil hætta er talin steðja að 113 minjum eða 50% minja á framkvæmdasvæðinu. Nokkur hætta er talin steðja að 13 minjum eða 6% og 101 minjar eða 44% eru ekki taldar í neinni hætta. Í þeim tilvikum þar sem minjar eru í *mikilli hættu* vegna nálægðar við framkvæmdasvæði þarf að skoða hvort hægt sé að merkja þær vel og girða þær af svo ekki verði slys á framkvæmdatímanum. Þar sem ekki er vitað hvort minjar leynist í jörðu er lagt til að haft verði fornleifaftirlit með jarðraski og ef minjar koma í ljós ber að tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands sem ákveður framhaldið. Þar sem augljóst er að minjar verði fyrir skaða er lagt til að minjar verði rannsakaðar með heildaruppgreftri.

Leiðbeinandi tillögur að mótvægisáðgerðum voru gerðar fyrir minjarnar, **Minjastofnun Íslands metur mótvægisáðgerðir, hér eru þær einungis settar fram sem tillögur**, sjá viðauka 1. Ekki eru lagðar til mótvægisáðgerðir við skráðar fornleifar þar sem þær eru taldar 100% horfnar, eins og þar sem nýtt hús stendur á sama stað. Er þá talið að fornleifaskráning sé fullnægjandi rannsókn.

Par sem minjar eru ekki friðaðar (þ.e.a.s. yngri minjar) eru settar fram leiðbeinandi aðgerðir við verndun þeirra.

Niðurlag

Fornleifaskráningin tekur til þeirra minja er enn sjást á yfirborði eða þar sem staðsetning jarðlægra eða horfinna minja er þekkt. Þess ber að gæta að minjar geta leynst undir yfirborði þótt þær séu horfnar af yfirborði. Ef fornleifar koma óvænt í ljós ber, skv. 24 grein laga um menningarminjar, að tilkynna fundinn til Minjastofnunar Íslands sem ákvarðar um frekari aðgerðir til björgunar eða verndar minjunum.

Heimildaskrá

Óprentaðar / Óutgefnar heimildir

Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Brunabótavirðingar Reykjavíkur

Borgarsögusafn Reykjavíkur

Deild minjavörslu og rannsókna (Árbæjarsafni).

Gagnasafn um hús í Reykjavík.

Fornleifaskrá Reykjavíkur. Rafræn skrá.

Gagnasafn um fornleifar í Reykjavík.

Kortasafn.

Ýmis kort og uppdrættir.

Skjalasafn um fornleifar.

Rafræn gögn.

Ljósmyndir teknar við vettvangskönnun.

Uppmælingar á fornleifum.

Ljósmyndasafn Reykjavíkur.

Ljósmyndir úr safneign.

Landmælingar Íslands:

Loftmyndasafn.

Kortasafn.

Skjalasafn Reykjavíkurborgar:

Skipulagsupprættir.

Teikningasafn Byggingarfulltrúans í Reykjavík.

Kortasafn Mælingadeilda Reykjavíkur.

Stofnun Árna Magnússonar í íslenskum fræðum:

Örnefnasafn. Örnefnalýsingar.

Pjóðminjasafn Íslands:

Ljósmyndir úr safneign.

Pjóðskjalasafn Íslands:

Skjalaskrá. Túnakort.

Manntöl.

Prentaðar / Útgefnar heimildir

Anna Lísa Guðmundsdóttir. *Fornleifar í Suðurgötu frá Melatorgi að Túngötu, í Vonarstræti frá Suðurgötu að Tjarnargötu, í Túngötu frá Suðurgötu að Garðastræti og næsta nágrenni.* Skýrsla 116. Reykjavík: Árbæjarsafn, 2004.

Anna Lísa Guðmundsdóttir. *Fornleifaskráning Landspítalalóðar.* Skýrsla 155. Reykjavík: Minjasafn Reykjavíkur, 2011.

Anna Lísa Guðmundsdóttir. *Fornleifaskráning lóðar Háskóla Reykjavíkur: Öskjuhlíð – Nauthóll.* Skýrsla 130. Reykjavík: Minjasafn Reykjavíkur, 2006.

Anna Lísa Guðmundsdóttir o.fl., *Húsakönnun og fornleifaskráning vegna fyrirhugaðs tónlistar- og ráðstefnuhúss við Reykjavíkurhöfn.* Skýrsla 117. Reykjavík: Minjasafn Reykjavíkur, 2005.

Anna Lísa Guðmundsdóttir og Drífa Kristín Þrastardóttir. *Eldri byggð á lóð Stjórnarráðsins*. Skýrsla 186. Reykjavík: Borgarsögusafn Reykjavíkur, 2017.

Anna Lísa Guðmundsdóttir, Drífa Kristín Þrastardóttir, Guðlaug Erna Jónsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir. *Byggðakönnun. Borgarhluti 3 – Hlíðar, I. hluti*. Skýrsla 223. Reykjavík: Borgarsögusafn Reykjavíkur, 2023.

Anna Lísa Guðmundsdóttir, Drífa Kristín Magnúsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir. *Nauthólsvík og Nauthólsvegur. Fornleifaskrá og húsakönnun*. Skýrsla 200. Reykjavík: Borgarsögusafn Reykjavíkur, 2019.

Anna Lísa Guðmundsdóttir og Margrét Björk Magnúsdóttir. *Ártúnshöfði, fornleifaskrá*. Skýrsla 212. Reykjavík: Borgarsögusafn Reykjavíkur, 2021.

Anna Lísa Guðmundsdóttir og Sverrir Snævar Jónsson. *Fornleifaskráning og jarðsjármælingar í miðbæ Reykjavíkur*. Skýrsla 160. Reykjavík: Minjasafn Reykjavíkur, 2012.

Anna María Borgadóttir og Anna Lísa Guðmundsdóttir. *Skeisan, fornleifaskrá og húsakönnun*. Skýrsla 185. Reykjavík: Borgarsögusafn Reykjavíkur og Úrbanistan, 2017.

Árni Magnússon og Páll Vídalín. *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalín*, III. bindi. *Gullbringu- og Kjósarsýsla*. 2. útg. [ljósprentun]. Kaupmannahöfn: Hið íslenzka fræðafélag, 1982.

Árni Óla. *Reykjavík fyrri tíma*, 2. bindi. Skuggsjá 1984.

Árni Óla. „Nafngiftir gatna í Reykjavík“. Skuggsjá Reykjavíkur, Reykjavík 1961.

Árni Magnússon og Páll Vídalín: *Jarðabók Árna Magnússonar og Páls Vídalíns*, III. bindi, *Gullbringu- og Kjósarsýsla*, 2. útg. [ljósprentun]. Hið íslenzka fræðafélag. Kaupmannahöfn 1923–1924.

Bjarni F. Einarsson. *Fornleifaskrá Reykjavíkur*. Skýrsla 46. Reykjavík: Árbæjasafn, 1995.

Bjarni F. Einarsson. *Arnarlóll, Greinargerð um jarðsjárkönnun og fornleifar á Arnarlóli í Reykjavík*. Skýrsla 25. Reykjavík: Árbæjarsafn, 1993.

Bjarni F. Einarsson. *Arnarlóll, Prufuskurðir í apríl*. Skýrsla 36. Reykjavík: Árbæjarsafn, 1994.

Borgarlínan, Ártúnshöfði – Hamraborg: Tillaga að matsáætlun. Verkefnastofa Borgarlínu. júlí 2020.
<https://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/1566/Tillaga%20a%C3%B0%20mats%C3%A1%C3%A6tlun%20-%20Borgarl%C3%ADnan.pdf>

Eggert Þór Bernhardsson. *Sveitin í sálinni: Búskapur í Reykjavík og myndun borgar*. Reykjavík: JPV, 2014.

Eggert Þór Bernharðsson. *Undir bárujárnsboga. Braggalífi Reykjavík 1940–1970*. Reykjavík: JPV, 2000.

Einar S. Arnalds. *Reykjavík: Sögustaður við Sund*. 4. bindi (Lykilbók). Reykjavík: Bókaútgáfan Örn og Örlygur hf., 1989.

Guðný Gerður Gunnarsdóttir og Hjörleifur Stefánsson. *Kvosin: Byggingarsaga miðbæjar Reykjavíkur*. Reykjavík: Torfusamtókin, 1987.

Guðjón Friðriksson. *Saga Reykjavíkur: Bærinn vaknar*. 1870–1940. Síðari hluti. Reykjavík: Iðunn, 1994.

Guðjón Friðriksson. „Forðum tíð í Flosaporti“ *Lesbók Morgunblaðsins* 16. september 1989.

Guðjón Friðriksson. „Brennivínsbersekki og kotafólk“ *Lesbók Morgunblaðsins* 11. apríl 1989.

Guðlaugur R. Guðmundsson. „Örnefnalýsing Laugarness, Klepps og Rauðarár“. *Reykjavík. Miðstöð þjóðlífss.* Kristín Ástgeirs dóttir sá um útgáfuna. Sögufélag. Reykjavík 1978.

Guðrún Jendsdóttir. *Próun strandlengjunnar í Reykjavík og nágrenni*, maí 2018. Landbúnaðarháskóli Íslands. Maí 2018.

Hanna Rósa Sveinsdóttir, *Byggingarsaga*. Skýrsla 7. Reykjavík: Árbæjarsafn, 1991.

Helga Maureen Gylfadóttir, Anna Lísa Guðmundsdóttir og Guðný Gerður Gunnarsdóttir. *Vatnsmýri – Seljamýri – Öskjuhlíð: Byggðakönnun: Fornleifaskrá og húsakönnun*. Skýrsla 161. Reykjavík: Minjasafn Reykjavíkur, 2013.

Helgi M. Sigurðsson og Yngvi Þór Loftsson. *Öskjuhlíð: Náttúra og saga*. Reykjavík: Árbæjarsafn, Borgarskipulag Reykjavíkur, 1993.

Hildur Gestsdóttir. *Hverfisgata 20: Framkvæmdarannsókn*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands, 2019.

J. Johnsen: *Jarðatal á Íslandi, með brauðlýsingum, fólkstölu í hreppum og prestaköllum, ágripi úr búnaðartöflum 1835–1845, og skýrslum um sölu þjóðjarða á landinu*. J. Johnsen gaf út. Kaupmannahöfn, 1847.

Klemens Jónsson. *Saga Reykjavíkur*. Seinna bindi. Reykjavík: Steindór Gunnarsson, 1929.

Lísabet Guðmundsdóttir. *Fornleifarannsókn á lóð Lækjargötu 12, Reykjavík, svæði A*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands, 2017.

Lísabet Guðmundsdóttir. *Fornleifarannsókn í Skólabrú, Reykjavík*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands, Borgarsögusafn Reykjavíkur 2017.

Lísabet Guðmundsdóttir. *Könnun mannvistarleifa austan Lækjar. Borkjarnarannsókn sem framför i Mæðragarðinum, á túni fyrir framan Menntaskóla Reykjavíkur og Bakarabrekunn*. Reykjavík: Fornleifastofnun Íslands, 2016.

Lög um menningarmínjar nr. 80/2012. Tóku gildi 1. janúar 2013.

Lög um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000.

Minjastofnun Íslands. *Skráningarástaðlar fornleifa*. [Reykjavík:] Minjastofnun Íslands, 2013, https://www.minjastofnun.is/static/files/Fornleifaskraning/skranningarstadlar_2013_fornleifar.pdf, sótt 15. september 2023.

Nikulás Úlfar Másson og Margrét Jónasdóttir, *Byggingarsaga; Laugavegsreitir*. Skýrsla 74. Reykjavík: Árbæjarsafn, 1999.

Páll Líndal. *Reykjavík: Sögunaður við Sund*. 1.–3. bindi (A–G, H–P, R–Ö). Reykjavík: Bókaútgáfan Örn og Örlygur hf., 1986–1991.

Páll Líndal. *Bæirnir byggjast, yfirlit um þróun skipulagsmála á Íslandi til ársins 1938*. Reykjavík: Sögufélagið, 1982.

Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir. *Húsakönnun: Mæðragarðurinn og Tjörnin í Reykjavík. Bókhlöðustígur – Laufásvegur – Skálholtsstígur – Fríkirkjuvegur – Skothúsvegur – Tjarnargata – Vonarstræti – Lækjargata*. Skýrsla 108. Reykjavík: Minjasafn Reykjavíkur, 2004.

Páll V. Bjarnason og Helga Maureen Gylfadóttir. *Húsakönnun: Snorrabraut – Hverfisgata – Rauðarárstígur – Laugavegur*. Skýrsla 113. Reykjavík: Minjasafn Reykjavíkur, 2004.

Ragnar Edvardsson. *Arnarrhóll, fornleifarannsókn 1993*. Skýrsla 39. Reykjavík: Árbæjarsafn, 1994.

Reglur um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda, nr. 620/2019.
Stjórnartíðindi. B-deild – Útgáfudagur: 1. júlí 2019.

Stefán Pálsson. *Við Hlemmtorgið gnæfir gasstöðin þeirra svo hátt, Gasstöð Reykjavíkur 1910–1956.*
Rekstur, framleiðsla og félagsleg áhrif. BA-ritgerð í sagnfræði við Háskóla Íslands 1998.

Tjörnin, Saga og lífríki. Ólafur Karl Nielsen ritstjóri. Reykjavík: Reykjavíkurborg, 1992.

Þórunn Valdimarsdóttir. *Sveitin við Sundin. Búskapur í Reykjavík 1870–1950.* Safn til sögu Reykjavíkur. Reykjavík: Sögufélag, 1986.

Vala Björg Garðarsdóttir og Hermann Jakob Hjartarson, *Stjórnarráðsreiturinn:*
Framkvæmdarupgröftur við Stjórnarráðshúsið 2019–2020. Reykjavík: VG- fornleifarannsóknir, 2021.

Vefheimildir / rafræn gögn / kortasjár

Alþingi.

Lagasafn. <https://www.althingi.is/lagasafn/>

Lög um stækkun lögsagnarumdæmis Reykjavíkur nr. 69/1931.

Lög um menningarminjar nr. 80/2012. Tóku gildi 1. janúar 2013.

Stjórnartíðindi. <https://www.stjornartidindi.is/>

Reglur um skráningu jarðfastra menningarminja vegna skipulags og framkvæmda nr. 620/2019.

Guðjón Friðriksson. *Alfræði Reykjavíkur*: <https://archive.ph/>

Landmælingar Íslands. <https://www.lmi.is/>

